

EYJA TRÉTTIR



11 Handboltapjálfari og trillukarl

tbl. **05**
52. árg
29.05
2025
kr. 1.590



05



38 Gunnar pólfari



18 Glæsilegt fágætis- bókasafn í Eyjum



14 Sjómannskonur

Ný Heimaey VE 1 væntanleg til heimahafnar fyrir sjómannadag: Öflugra skip og burðargetan 2500 tonn

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Þetta er skip sem hentar okkur mjög vel. Erum að taka skref fram á við miðað við það skip sem við vorum með með áður,“ segir Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins sem um síðustu helgi var í Danmörku að taka á móti nýju uppsjávarskipi Ísfélagsins, Heimaey VE 1. Kemur það í stað skips með sama nafni sem selt var til Noregs.

Nýja skipið hét áður Pathway og var gert út frá Peterhead í Skotlandi. „Heimaey fyrri er mikið happafley en það var kominn tími til að taka stökkið fram á við. Með nýrri hönnun og getu til að gera betur. Er skref fram á við frá gömlu Heimaey sem var afhent í Síle árið 2012. Ber 2000 tonn á meðan þetta skip er öflugra og burðargetan 2500 tonn. Fimm árum yngra skip sem segir ekki alla söguna því kynslóð í hönnun skilur þau að, gömlu og nýju Heimaey.“

Og Eyþór er ánægður með nýja skipið. „Karstensens skipasmíða-stöðin í Skagen er annáluð fyrir að smíða bestu uppsjávarskipin í heiminum í dag og verkefnastaðan þannig að þeir eru með mörg skip í smíðum sem þeir afhenda í röðum. Hér vilja menn láta smíða uppsjávarskipin og ekkert skrýtið. Þeir eru einfaldlega fremstir í sínu fagi, Danírmir.“



Kaupin handsöluð. Eyþór með fyrri eigendum og skipstjórum, William til vinstri og George til hægri.



Ný Heimaey er öflugt skip og burðargetan 2500 tonn. Myndir aðsendar.

Unnið er að smávægilegum breytingum í Skagen, merkingum og stýri breytt til að skipið henti betur á nótaveiðum. „Annars erum við bara að fínisera og gera smá tilfæringar sem snúa að okkar rekstri. Þetta er fjögurra eða fimm daga slippur. Siglum svo heim og reiknum með að vera komnir fyrir sjómannadag. Heim í fjörið og að fagna nýju skipi. Gerum svo ráð fyrir að sýna nýja Heimaey almenningi í næstu viku,“ segir Eyþór.

Skipstjórar eru Ólafur Einarsson og Sigurður Rúnar Sigfússon og yfirvélstjórar eru Fannar Veigar Einarsson og Ágúst Halldórsson.

„Þetta er 15 manna hópur í skiptikerfum og tekur hann við nýrri Heimaey. Það verður gaman að sigla nýju skipi heim. Þetta er framför í útgerð en það var í apríl á síðasta ári sem við gengum frá þessum kaupsamningi. Hefði það gerst í dag í ljósi pólitískra vendinga? Spyr sá sem ekki veit og kannski, sem betur fer vorum við búnir á klára þessi kaup áður en ósköpin dýnja yfir,“ segir Eyþór og vitnar til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að tvöfalda veiðigjöldin. „Við vorum bjartsýnni þá.“



Brúin er rúmgóð og búin nýjustu siglinga- og fiskleitartækjum.



F.v. William og George fyrri eigendur og skipstjórar, Eyþór, Jens ásamt Friðriki J. Arngrímssyni frá skipasölu Atlantic shipping sem sá um sölu.

Forsíðumynd: Tryllukallinn Sigurður Bragason með einn vænan á Prasa VE.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549

Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.

Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.

Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.

Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is

Veffang: www.eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

Við bjóðum bestu fyrirtækjavextina



Vertu með á audur.is

audur
Dóttir Kviku

Lag og texti yfir góðum kaffibolla

Elísabet Guðnadóttir eða Eló eins og hún er kölluð var á dögnum valin bæjarlistamaður Vestmannaeyja 2025. Elísabet er fædd og uppalin hér í Eyjum og er komin úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Hún byrjaði snemma í tónlistarskóla og fór í framhaldinu í frekara nám. Hún stundaði meðal annars nám í tónlistarskóla í Sydney í Ástralíu og þar kviknaði áhugi hennar á lagasmíði og upptökum. Eftir það fór hún í söngnám í tónlistarskóla FÍH.

Elísabet tók þátt í Músiktilraunum árið 2024 og hafnaði í öðru sæti þar, en hún hlaut einnig verðlaun þá frá Félagi tónskálda og textahöfunda fyrir framúrskarandi lagasmíði. Elísabet hefur komið fram víða eftir það, meðal annars á Þjóðhátíð, Hljómei og Eldborg í Hörpunni ásamt því að hita upp fyrir Ásgeir Trausta á Airwaves. Elísabet svaraði nokkrum spurningum fyrir Eyjafréttir.



Elísabet Guðnadóttir.

Fullt nafn? Elísabet Guðnadóttir.
Fjölskylda? Mamma er Guðbjörg Guðjónsdóttir, pabbi er Guðni Hjálmarsson, systir er Jenný Guðnadóttir og bróðir er Hjálmar Carl Guðnason. Síðastur og ekki sístur er Karl William kærastinn minn.

Mottó? Klæðist einhverju sem mér líður vel í, elska að hafa það huggó.
Síðasta hámhörfið? Succession.
Uppáhalds hlaðvarp? Þarf alltaf að vera grín? Og Villtu finna milljón?
Aðaláhugamál? Handavinna, þrjóna og hekla.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án? Góð húðrúfina á morgnanna.
Hvað óttast þú mest? Að missa röddina mína.

Hvað er velgengni fyrir þér? Vellíðan og sjálfsöryggi í því sem maður tekur sér fyrir hendur.
Hvernig myndir þú lýsa tónlistarstílnum þínum? Hugguleg og hugljúf kántrískotin sálar tónlist.

Hvaðan færð þú innblástur fyrir tónlistina þína? Oftast fæ ég innblástur bara frá daglegum athöfnum, mistökum, draumum, hvað hefði geta gerst og svo framvegis. Oftast dugir til að setjast niður með góðan kaffibolla og byrja að skrifa texta og glamra eitthvað á gítarinn, eða bara fara í göngutúr í náttúrunni.

Hvað er á döfinni hjá þér í tónlistinni? Eitthvað spilerí og halda áfram að taka upp plötuna mína.

Eitthvað að lokum? Gleðilegt sumar!

Eló hefur þróað sinn eigin einstaka stíl

„Eló er upprennandi tónlistarkona sem vakið hefur athygli fyrir persónuleg og lágstemmd lög sem endurspegla eigin reynslu, daglegt líf og ekki síst sterkar tilfinningar,“ sagði Njáll Ragnarsson, formaður bæjarráðs þegar hann tilkynnti val á Bæjarlistamanni Vestmannaeyja 2025 í Eldheimum í vor.

„Eló hefur þróað sinn eigin einstaka stíl og gefið út tvö lög, Ljósalagið „then I saw you og „Will you be my partner?“ sem öll eru aðgengileg á Spotify og öðrum helstu streymisveitum. Tónlist Elóar er að hennar sögn undir áhrifum frá listamönnum á borð við Bon Iver og Phoebe Bridgers en textarnir endurspegla eigin reynslu og raunir, hugsanir, daglega lífið, strögglið, sigrana og kærleikann,“ sagði Njáll.

Eló kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu og frá því hún man eftir sér var tónlist stór hluti af lífinu. Í æsku hefur hún lýst því að það væri eðlilegast í heiminum



Eló með fjölskyldunni, Guðni pabbi, Kristjana amma, Eló, Karl William kærasti og Guðbjörg mamma. Mynd Óskar Pétur.

á heimilinu að bresta í söng við hvaða tækifæri sem var og alltaf væri stutt í gítarinn.

„Hér í Eyjum hefur hún, ásamt góðu fólki staðið að árlegum jólatónleikum sem nefnast

Jólahvísl og hafa verið haldnir meira og minna síðan 2016.

Markmið tónleikanna er að skapa friðsæla og hlýlega stemningu fyrir Eyjafólk í aðdraganda jóla en frjáls framlög sem safnast eru látin renna til góðgerðarmála í Vestmannaeyjum,“ sagði Njáll.

Hann sagði líf Elóar aðallega snúast um tónlist eins og hún hefur sjálf lýst. „Hún hvetur upprennandi tónlistarfólk til að finna sína eigin rödd – hvað það vill að heimurinn heyri og að leggja áherslu á að finna styrkleika sína og nýta þá til fulls,“ sagði Njáll að ending og óskaði Eló innilega til hamingju með útnefninguna og kvaðst hlakka mikið til að fylgjast með listsköpun hennar á árinu og í framtíðinni.

Skólalúðrasveit Vestmannaeyja lék nokkur lög og fulltrúar GRV í Stóru upplestarkeppninni láu ljóð. Þau eru Bríet Ósk Magnúsdóttir, Hrafnkell Darri Steinsson og Rafael Bóas Davíðsson.

TM

Til hamingju með daginn
sjómenn

Við erum stolt af sögu okkar, sem er samofin
sjávarútvegi allt frá stofnun félagsins.

Volcano ATV ≡ Heimaey skoðuð á fjórhjóllum

Aukin náttúruupplifun og frelsi

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Volcano ATV var stofnað árið 2019 og er í eigu Þorsteins Traustasonar Volcano ATV býður gestum upp á skemmtilegar ferðir með leiðsögn á fjórhjóllum. Þorsteinn Traustason, eða Steini eins og hann er kallaður, stofnandi fyrirtækisins, segir hugmyndina af ferðunum hafa kviknað í tengslum við áhuga hans á mótocrossi.

Hann var oft á hjóli upp á hrauni og heillaðist mikið af svæðinu.

„Mér hefur alltaf þótt umhverfið þar mjög flott og þetta er þínu andstæðan við það sem við sjáum oft hér í Eyjum. Þarna ertu komin frá græna grasinu og fuglunum yfir í dökkt umhverfi og færð að upplifa hraunið.“ Hann bætir við að þetta séu svæði þar sem erfitt sé að komast að nema á fjórhjóllum, mótocrossi eða öðru slíku. Honum hafi alltaf langað til að leyfa öðrum að upplifa það líka



og sýna fólki þennan hluta af eyjunni.

Hugmyndin með ferðunum sé ekki hugsuð til að keyra adrena-línið í botn heldur frekar keyra um, fara á staði sem er annars erfitt að fara á og fræða fólk með sögunni um Vestmannaeyjar. „Við stoppum á fjórum stöð-um og förum yfir söguna. Við viljum hafa þetta gaman, en líka fróðlegt.“ bætir Steini við. Hann segir ameríkanann oft einstaklega áhugasaman og segir að oft reyn-



ist erfitt að halda túrnum á réttum tíma með þeim, því þeim þykir sagan svo ótrúlega áhugaverð og merkileg. „Fólkið heillast alveg jafn mikið af sögunni eins og af náttúrunni og þeim þykir merki-legt að komast á þessa staði“, bætir hann við.

Steini segir sumarið hafa farið mjög vel af stað. „Við höfum verið að prófa okkur með að byrja aðeins fyrir sumarið og byrja í apríl. Í fyrra var sá tími rólegur hjá okkur en í ár gekk það mun

betur og núna er tímabilið bara alveg byrjað. Við höfum verið að ná að hafa opið hjá okkur frá apríl til nóvember.“


En hvað er í mestu uppáhaldi hjá Steina við fjórhjólin? „Persónu-lega finnst mér skemmtilegast að fara í góðu veðri og vera í beinum tengslum við náttúruna. Þú ert með þetta hreina og góða loft og þetta frábæra útsýni. Fyrir mér er það að ferðast um á fjórhjóli bara aukin náttúruupplifun og frelsi,“ segir hann að lokum.

Eyjascooter ≡ Nýjung í ferðamennsku

Á hlaupahjóllum um Heimaey

Eyjascooter er lítið einkarekið fyrirtæki hér í Eyjum í eigu þeirra hjóna Ingibjargar Bryngelds-dóttur og Heiðar Arnar Svanson. Fyrirtækið sérhæfir sig í hlaupa-hjólaförum um eyjuna og bjóða þau upp á skemmtilegar ferðir með leiðsögn. Þau taka á móti ferðafólki, heimaafólki og hópum, og eru mjög opin og sveigjanleg með hugmyndir frá fólki.

„Þetta er þriðja sumarið sem við erum að fara inn í,“ segir Ingibjörg. „Hugmyndin kviknaði þegar maðurinn minn var að vinna í Reykjavík og notaði alltaf hlaupahjól til að komast á milli staða. Í kjölfarið fór hann að velta fyrir sér hvernig það væri að vera með hlaupahjól hér í Vestmannaeyjum. Hann bar undir mig hugmyndina um að fara í ferðabransann og bjóða upp á hlaupahjólaför á öfugum



hlaupahjólum. Mér leist vel á hugmyndina og við ákáðum að kýla á þetta.“ segir Ingibjörg.

Eyjascooter býður upp á mismunandi ferðir eins og lundaferðir, eldfjallaferðir og fleira. Ingibjörg segir að fólki finnist náttúrperlurnar á borð við fjöllin, hraunið og allt sem því fylgir mest heillandi, en ekki síður þyki því ekki sagan



merkileg. „Þarna fær fólk söguna og náttúruna beint í æð.“ Ingibjörg segist alltaf benda fólki á að fara í Eldheima samhliða ferðunum þeirra, því þar nær fólk að heyra og fræðast enn meira. „Fólk fær svo miklu meira út úr heimsókninni hingað til eyja ef það fær leiðsögn frekar en að fara bara sjálft að skoða.

Íslendingar hafa einnig verið að sýna ferðum okkar áhuga og höfum við verið að taka á móti hópum eins og gæsa- og steggjahópum og finnst okkur það einnig mjög skemmtilegt. Við erum opin fyrir hugmyndum fólks og finnst líka gaman að gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt með fólkinu,“ segir Ingibjörg að lokum.

LÍFIÐ ER YNDISLEGT



SÝNING Í VESTMANNAEYJUM

30. MAÍ KL. 16 - 18 | 31. MAÍ KL. 11 - 15



Toyota Kaupúni kemur til Eyja dagana 30. — 31. maí.
Kynning og reynsluakstur á nýjum bílum. Kaffi og kleinur í boði.

Við verðum til húsa hjá Akóges, Hilmisgötu 15.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070



UMHVERFSVERÐLAUN AÐMYNGLINGA
UMHVERFSFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Ribsafari vinsælt hjá ferðafólki

Náttúran og fuglalífið einstök upplifun

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Ribsafari hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem einn af vinsælustu afþreyingarkostum ferðamanna í Vestmannaeyjum. Með ferðunum hjá Ribsafari fá gestir tækifæri til að sigla á hraðbát við Vestmannaeyjar og skoða þá einstöku náttúru sem þær hafa upp á að bjóða. Eyþór Þórðarson, einn af eigendum Ribsafari, hefur stýrt rekstrinum frá árinu 2019. Hann segir það vera náttúruna og fuglalífið sem geri upplifunina svo einstaka.

„Það sem gerir Ribsafari einstakt og frábrugðið öðru er það hversu nálægt þú kemst náttúrunni og fuglalífinu, fólk bara trúir þessu ekki, þeim þykir þetta svo magnað. Það að fá að sjá fuglana í svona miklu návígi og komast inn í hella er auðvitað ólýsan-



Eyþór Þórðarson ásamt syni sínum Inga Rafni Eyþórssyni.

leg tilfinning og við Eyjamenn gleymum oft hvað eyjan okkar er mikil perla“, segir Eyþór. Að sögn Eyþórs hefur sumarið farið rólega af stað, eins og oft áður, en hann er þó bjartsýnn á framhaldið.

Ribsafari bíður upp á einna og tveggja klukkustunda ferðir. Í klukkustundar ferðinni er farið



við út í smáeyjarnar sem eru nálægt Heimaey og kíkt inn í hella sem að engir bátar nema Ribsafari komast inn í, eins og Ægisdyr og Kafhellir. Einnig er kíkt á lundann í sínu náttúrulega umhverfi, ásamt öðru fuglalífi. Í tveggja klukkustunda ferðunum gefst fólki einnig að fá þá upplifun, ásamt auka upplifun og tíma. Farið á fleiri staði eins og Stafsnesið, út-eyjarnar skoðaðar og jafnvel farið alveg út í Súlasker sem er algjör

paradís. Ribsafari bíður einnig upp á einkaferðir, lúxusferðir og sérsniðnar ferðir eins og fyrir gæsunar- og steggja hópa.

Í dag starfa 15 manns hjá Ribsafari, og leggur Eyþór áherslu á mikilvægi þeirra. „Ég er gríðarlega stoltur af starfsfólkinu okkar. Þau leggja sig fram á hverjum einasta degi og við erum ótrúlega þakklát fyrir þau því án þeirra gætum við þetta ekki“, segir Eyþór að lokum

Hop-On ≡ Nýtt í Eyjum

Fólk sækist mest í að sjá lunda

Sindri Ólafsson, eigandi Hop-on í Eyjum, bíður upp á ferðir til að skoða Vestmannaeyjar með svokallaðri Hop-On Hop-Off rútufærð. Ferðin nær yfir helstu kennileiti og náttúruperlur eyjunnar og hentar bæði gestum og heimafólki.

„Við bjóðum upp á nokkuð hefðbundnar Hop-on Hop-off ferðir. Þar sem rútan gengur ákveðin hring á klukkutíma fresti yfir daginn og stoppar á fimm stöðum. Við Herjólf, Herjólfssdal, Stórhöfða, Eldheima og Sagnheima. Fólk getur svo hoppað af og á eins og það vill yfir daginn“, segir Sindri. Sindri segir fólk sækjast mest í að fara upp á Stórhöfða og númer 1,2 og 3 hjá þeim sé að ná skoða lunda. Eldfell og Eldheimar eru líka á listanum hjá mörgum það hefur líka komið honum á óvart hversu margir eru með það ofarlega á lista að sjá Fílinn.

Er eitthvað sérstakt sem Sindri mælir með að gestir sjái eða upplifi í ferðunum?

„Það fer svolítið eftir veðri og árstíma. Ég er á hverjum degi að



mæla með því við fólk að það stoppi lengur í Vestmannaeyjum. Það er ótrúlegt hversu margir sem koma til mín eru að stoppa á Eyjunni í innan við þrjá klukkutíma. Ég er að mæla með söfnum, gönguleiðum, veitingastöðum og verslunum. Það eru alltaf einhverjir að leita að listmunum og þá get ég leiðbeint þeim.“

Aðspurður hvers konar ferðamenn séu helst að nýta sér



ferðirnar segist Sindri fá til sína allar tegundir af ferðamönnum, en fái oft til sín yngri kúna en aðrir. Margir séu lítið búnir að undirbúa heimsókn sína til Eyja en þeir þekkja bara Hop-on fyrirkomulagið, treysta því og hoppa um borð. „Mér finnst líka mjög merkilegt hversu stór hluti af mínum kúnum eru konur sem eru að ferðast einar um Ísland. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hversu vinsæll

ferðamannastaður Ísland er fyrir þennan hóp vegna þess hversu öruggt landið er.“

Að lokum segist Sindri nokkuð ánægður með hvernig tókst til síðasta sumar. Hann segir þessu hafa verið mjög vel hjá sér, bæði af gestum sem heimsóttu hann og ekki síður heimamönnum. Sindri vill nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað mig með einum eða öðrum hætti.



Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
heillaóskir í tilefni dagsins.

ISFELAG.IS

 **ÍSFÉLAG**

Grétar byrjaði 15 ára á sjó ≡ Varð að standa sig Komst ekki upp með að vera aumingi ≡ Íslandsmeistari með ÍBV ≡ Draumur að verða sjómaður

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Ég hef alltaf heillast af sjónum og sjómennsku. Alveg frá því ég var gutti. Afi Hörður var mikið til sjós og mig hefur alltaf dreymt um að starfa á sjó. Líkar vel. Þetta er akkordsvinna og heillar meira en að mæta í vinnu klukkan átta og hætta klukkan fjögur,“ segir Grétar Eypórssón háseti á Sigurði VE, íþróttatræðingur, fyrrum handboltahetja og forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar, eiginmaður og faðir. Afinn er Hörður Jónsson, skipstjóri og úterðarmaður. Eiginkonan, Anna Ester Óttarsdóttir, hársnyrtir segist vera húsbóndinn á heimilinu og að bóndinn sé duglegur heimafyrir þegar hann er í frí af sjónum. Börn þeirra eru, Óttar Þór 11 ára, Emil Þór 8 ára og Laufey sem verður tveggja ára á sjómanna-daginn, fyrsta júní.

„Stundum gengur vel og stundum gengur illa og ef maður er duglegur gengur þetta hraðar og betur fyrir sig. Ég fór fyrst á Heimaey gömlu 15 ára gamall en var tíu ára þegar maður fékk að fara á humar með afa Herði. Náði tveimur túrum, alltaf sjóveikur en svo þegar maður fór á troll á Heimaey varð maður að standa sig. Fimmtán ára með Sigurjóni Ingvars, Stjána Nínon, Sibba Nínon og Árna Nínon og fleiri snillingum og kallaður aumingi. Ælandi í koju og á dekki í aðgerð en þeir skóluðu mann til. Kenndu manni að það er ekki hægt að komast upp með að vera aumingi. Það verður að halda áfram sama hvað dynur á. Það var mjög góður skóli og þar var ég í tvö sumur.“

Næsta skref var að fara á Sigurð gamla sem hafði á sér, eins og Bóbi skipstjóri þjóðsagnakenndan blæ. „Var þar nokkur sumur með Bóba sem var algjört ævintýri. Vera á nóttinni sem er allt öðru vísi veiðarfæri en trollið. Við fiskuðum mjög vel og gaman þegar allur flotinn var enn á nóttaveiðum. Var held ég sumarið 2004 að bátarnir mynduðu röð, átta eða tíu bátar til að leita að síld í Smugunni. Þegar allur flotinn var kominn með troll nema við gat verið erfitt að finna síldina. Það gekk þó ágætlega því Bóbi var glúrin og það gekk alltaf vel. Ef síld var að finna vorum við þar.“



Fjölskyldan, Grétar og Anna Ester með börnin þrjú, Óttar Þór, Emil Þór og Laufeyju.

Handboltinn þvældist fyrir

Þá kom hlé á sjómennskunni. „Maður var að sprikla í þessum handbolta,“ segir Grétar sem var með öflugri hornamönnum landsins og vann ófáa titla með ÍBV. „Handboltinn var að þvælast fyrir en það gekk vel og var gaman. Fór svo í skóla og kláraði íþróttatræðina til að hafa í bakhöndinni. Árið 2012 erum við í næst efstu deild og ég sé fyrir mér að hætta 2014 og fara á sjóinn. Komumst upp og verðum Íslandsmeistarar þetta ár sem mér fannst geggaður tímupunktur en langaði til að halda áfram. Þjálfarinn og þeir sem voru í kringum liðið vildu halda í mig.“

Tók ákvörðun um að geyma þetta aðeins en var alltaf á sjó á sumrin. Hentaði að kúpla sig út í mánuð. Setja á sig heymartæki og gleyma sér. Líka gaman að vera með peyjunum og djöflast. Það er fátt betra,“ segir Grétar sem varð Íslandsmeistari með ÍBV árið 2014, bikarmeistari 2015 og bikar-, deildar-, Íslandsmeistari 2018 og meistarar meistaranna árið eftir. Unnu allt sem hægt var að vinna.

„Líka Bikarmeistarar 2020 en svo kom kófið, tímabilinu slaufað og eftir það var komið gott og ég hætti. Með þessu var ég íþróttakennari þar til Elliði bæjarstjóri hringir í mig og bauð mér stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöðv-

arinnar í eitt ár. Þau urðu ?? og mér fannst gaman. Auðvitað hefði maður viljað hafa meira fjármagn eins og aðrar stofnanir hjá bænum. Margt sem maður náði samt að áorka og sundskýlupurrkan var fyrsta verkið mitt,“ segir Grétar með stolti. Hafði þó ekki gefið sjómennsku upp á bátinn.

Dásamleg áhöfn

„Ég fór á loðnuvertíð í mars 2022 til að nýta sumarfrí sem ég átti inni. Bara gaman og á miðri vertíð segi ég upp í Íþróttamiðstöðinni. Það losna tvær stöður á Sigurði. Ég fékk plássíð, hoppaði á það og byrjaði á makrílnum í júlí. Mjög sáttur og nú er það makríllinn í júlí sem er framundan. Alli Ingvars, kokkur er að hætta og ég er að fara á móti Finnsa Finns sem kokkur.“

Þér líkar vel á sjónum? „Já. Alveg dásamleg áhöfn og skiptjórar eru Jón Axelsson og Jóhannes Stanner. Hann kemur að austan. Flottur karl líka og eins og ég segi, áhöfnin er frábær og við erum þarna nokkrir æskuvinir. Óttar Steingríms, Vignir Svavars, Baldvin Þór og Eypór Þórðar sem ólumst upp saman. Mjög samrýmd áhöfn, alltaf gaman og aldrei vesen og maður fer ekki á sjó með einhvern trega.“

Meiri tími með fjölskyldunni

Árið á Sigurði skiptist þannig, að

í janúar og apríl er það kolmunninn. Makríllinn í júlí og síld á haustin, fyrst norsk- íslenska og svo íslenska síldin. „Sigurður er frábært skip, fer rosalega vel með mann. Sjónvarp, klósett og sturta í hverjum klefa og önnur aðstaða mjög góð. Vitt til veggja eins og maður segir.“

Fjölskyldan er stór, hvað með fjarvistir? „Auðvitað er maður fjarverandi, nær kannski 80 dögum á sjó á ári. Við löndum líka á Þórshöfn sem ekki teljast sjódagar en ég næ að verja miklu meiri tíma með fjölskyldunni sem sjómaður en í vinnu í landi. Þú kemur heim, gefur börnunum að borða, lætur þau lesa og svo góða nótt. Í fríum á sjónum get ég fylgst með æfingum og er meira til staðar. Sjómennska í dag er mjög fjölskylduvæn. Tekjurnar eru upp og ofan og það er ekkert frábært að það er ekki loðna. Ég lít á loðnuna sem bónus en hitt dugir til að lifa á.“

Sérðu þetta fyrir þér sem framtíðarstarf? „Já. Á meðan allt er fullkomið heima, börnin heilbrigð og konan hraust þá er þetta ævistarfið. Hætti svo sextugur og fer til Spánar. Það er það sem maður sér fyrir sér, koma konunni í golfið og eyða ellinni í sól og hita,“ segir Grétar sem er kominn af mikilli golfjölskyldu í föðurætt.



Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn



„Börnin mín eru skikkuð til að vera í golfi og hafa ekkert val fyrir en þau verða 15 ára,“ segir Grétar sem spjallaði við blaðamann í Friðarhafnarskýlinu. Hitti hann svo á Hárstofu Viktors og Birkis klukkutíma seinna þar sem hann var mættur í spjall.

„Að eiga sjómann hefur auðvitað sína kosti og galla eins og allt annað,“ segir Anna Ester sem þekkir vel til þess að hafa karlinn á heimilinu á sjó. Faðir hennar, Óttar Gunnlaugsson hefur lengi verið til sjós.

„Kostirnir eru klárlega fríin sem Grétar fær enda er hann frábær húsfaðir. Eldar fyrir okkur, þrífur og þvær þvott sem hann mætti flokka aðeins betur. Hann er líka frábær faðir barnanna sinna og er duglegur að sinna þeim og hvetja þau áfram. Gallarnir er fjarveran. Oft erfitt fyrir börnin og þegar hann missir af viðburðum eins og brúðkaupum, veislum, afmælum og aðra hverja þjóðhátíð er hann á sjó. Þá söknum við hans sérstaklega mikið.“

Anna Ester segist yfirleitt búa sér til verkefni þegar Grétar fer á sjóinn. „Finn þá minna fyrir söknuði og verkefni eru yfirleitt að fara yfir skúffur og skápa. Setja



Enn einn titillinn og allir jafn sætir. Grétar tók þátt í að byggja upp félag frá því að vera á botninum og skildi við félagið sem stórveldi. Þessi mynd var tekin árið 2018 þegar ÍBV vann allt sem hægt var að vinna í handbolta.

allt á réttan stað enda er maðurinn ekkert eðlilega duglegur að ganga frá. Hvað fer í hvaða skáp eða skúffu skiptir minna máli hjá honum Grétari mínum.

Hvað sem því líður, segi ég við börnin að ég sé húsbóndinn á mínu heimili. Ég sé heima að sinna þeim og heimili um það bil 360 daga ársins. Þeim finnst það

bara fyndið og er þabinn duglegur að brjóta reglurnar sem ég set þegar hann er í landi,“ segir Anna Ester að lokum.

KONUR SJÓMANNA HAFA ORÐIÐ UMSJÓN: ANNIKA VIGNISDÓTTIR

Andrea Guðjóns Jónasdóttir

Ætlaði aldrei að vera sjómannskona



Aldur? Ég er 34 ára.

Fjölskylda? Ég er gift Óttari Steingrímssyni og eigum við saman þrjú börn, Ísold 10 ára, Hinrik Daða 7 ára og Birni Berg 3 ára.

Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú? Það eru nokkur ár eða um kannski 10 ár sem hann hefur verið samfleytt á sjó en var áður fyrir bara á sumrin.

Á hvaða skipi er maki þinn? Hann er á Sigurði VE.

Kynnist þið þegar maki er á sjó? Nei, þá var hann ekki á sjó og ég sagðist aldrei ætla að vera sjómannskona en það var fljótt að breytast.

Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó? Nei, Óttar fór að vinna á Samgöngustofu eftir háskólann enn fljótt að það átti alls ekki við hann að hanga inn á skrifstofu allan daginn. Hann var því fljótur að drífa sig á sjóinn. Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf? Bara mjög vel, maður þarf að hafa skipulag og rútinu þegar maður er einn og það hefur bara genið þokkalega.

Helstu kostir sjómennskunnar?

Kostirnir eru þeir að það geta verið löng og góð frí á milli túra og þá sérstaklega á þeim veiðum sem Sigurður er á. Það má þó taka fram að þeir voru nú kannski of mikið heima þar sem það var nú ekki loðnuvertíð þetta árið og getur það líka tekið á.

Helstu gallar sjómennskunnar?

Það eru helst fjarverurnar þegar mikið liggur undir í samveru með fjölskyldu og vinum. Þeir sem þekkja Óttar vita að hann er mikið fyrir samverustundir og má helst ekki missa af miklu.

Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina? Já helgin er yfirleitt eins,

við byrjum á tónleikum á föstudeginum, förum svo með fjölskyldunni og vinum á bryggjuna á laugardegnum og gerum okkur glaðan dag. Laugardagskvöldið þá njótum við upp í höll með frábærri áhöfn Sigurðar VE og öðru góðu fólki svo er sunnudagurinn tekinn á Stakkó.

Eitthvað að lokum? Gleðilegan sjómannaþag kærur sjómenn og fjölskyldur þeirra, njótið helgarinnar.



VESTMANNAEYJAR
ICELAND

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN



Thelma Hrund Kristjánsdóttir

Einstaklega liðtækur í heimilisstörfum



Aldur? 38 ára.

Fjölskylda? Gift Daða Ólafssyni og saman eigum við þrjú börn, Kamillu 11 ára, Kristel 9 ára og Rökkva 6 ára.

Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú? Það eru komin 13 ár en Daði hefur þó alltaf verið á sjó á sumrin og skotist einhverja túra yfir veturinn með skólanum frá því að við kynntumst fyrir 18 árum.

Á hvaða skipi er maki þinn? Hann vinnur hjá Ísfélaginu og er einmitt að sækja nýja Heimaey VE til Danmerkur þessa stundina.

Kynnist þið þegar maki er á sjó?

Við kynnumst í Háskólanum í Reykjavík þá var hann námsmaður en alltaf á sjó á sumrin.

Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó? Svona í og með já.

Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf? Það hefur yfirleitt gengið mjög vel, enda Daði einstaklega liðtækur í heimilisstörfum þegar hann er í landi.

Helstu kostir sjómennskunnar?

Yfirleitt eru góð frí í kringum jól og oft á vorin sem við reynum að nýta vel.

Helstu gallar sjómennskunnar?

Þegar úthaldið er langt og jafnvel landað á Þórshöfn á Langanesi til lengri tíma þá getur komið fyrir að hann sé frá töluvert lengi.

Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina? Já, við förum alltaf á

hátíðarhöldin á bryggjunni á laugardeginum þar sem Daði tekur þátt í róðrakeppninni ásamt vinum sínum, síðan röltum við í Klettinn þar sem krakkarnir fá að velja sér nammi, því næst hittist vinahópurinn á einhverjum af frábæru veitingastöðunum hér í bæ. Á laugardagskvöldinu hittum við áhöfnina og förum saman á skemmtunina uppi í Höll. Að lokum er alltaf hátíðlegt að enda helgina á hátíðarhöldunum á Stakkó á sunnudeginum.

Eitthvað að lokum? Innilegar hamingjuóskir með daginn ykkar kæru sjómenn!

Þórdís Gyða Magnúsdóttir

Elskar starfið sitt og er stoltur sjómaður



Aldur? 37 ára.

Fjölskylda? Baldvin Þór, Anna Rakel, Sigrún Arna og Selma Björk.

Hversu lengi hefur þú verið sjómannsfrú? Hef verið sjómannsfrú síðan 2011.

Á hvaða skipi er maki þinn?

Hann er á því flotta skipi Sigurði Ve 15.

Kynnist þið þegar maki er á sjó?

Nei við kynnumst 2009 þegar hann er að klára smíðjuna í Héðni í Reykjavík.

Hefur maki þinn alla ykkar tíð verið á sjó? Nei en hann byrjaði ungur á sjó eða um 2001, var þar af og til þangað til hann byrjaði í fullu starfi 2011.

Hvernig hefur gengið að samræma sjómennsku og fjölskyldulíf? Það gengur oft á tíðum vel, en á móti missa þeir af stórum stundum í lífinu hjá okkur fjöl-

skyldunni og það getur tekið á alla, bæði okkur og hann.

Helstu kostir sjómennskunnar?

Hann er í stórkostlegri áhöfn þar sem bæði menn og makar ná ofsalega vel saman. Hann elskar starfið sitt og er stoltur sjómaður.

Helstu gallar sjómennskunnar?

Þegar hann missir af stóru stundunum í okkar lífi og að geta ekki tekið frí þegar það hentar og á við.

Eruð þið með hefð um sjómanna-helgina? Við höfum síðustu ár

farið á föstudeginum með vinum okkar út að borða og á tónleikana upp í höll, tekið svo laugardaginn niður á bryggju með stelpunum og með áhöfninni um kvöldið í höllinni. Svo endar maður alltaf á stakkó á sunnudeginum.

Eitthvað að lokum? Til hamingju með helgina sjómenn og sjómannskonur.

HETJUR HAFSINS

TIL HAMINGJU MEÐ
SJÓMANNADAGINN



sala@samhentir.is



samhentir.is



575 8000



Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ



Samhentir

Páll að klára stýrimanninn ≡ Ólöf í sjávarútvegsfræði:

Herjólfur er fjölskylduvænn vinnustaður

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Það er heldur hráslagalegt veðrið þegar blaðamaður bankaði upp á hjá Ólöfu Maren Bjarnadóttur og Páli Eiríkssyni á heimili þeirra í Foldahrauninu. Þar búa þau með tveimur börnum sínum, Ástrós Berthu og Arnóri Breka. Austan kæla og þokuslæðingur á meðan sól og blíða var annars staðar á landinu. Hún Akureyringur en hann innmúraður Eyjamaður.

„Ég er að klára þriðja stig í skipstjórnarnámi sem heitir D-stig í dag og er kominn með ótakmörkuð réttindi í því bóklega en vantar tíma á sjó til að fá full réttindi nema á varðskip og allt sem því fylgir sem er í raun fjórða stigið,“ segir Páll. „Ég veit ekki hvort maður á eftir að spreyta sig á varðskipadeildinni en þar er ekki kennt nema að Landhelgisgæslan biðji um það.“

Páll hefur allan sinn sjómannsferil verið á Herjólfu og nú vantar hann tíma sem annar stýrimaður til að uppfylla öll skilyrði og það er að hafast. „Ég er búinn að vera annar stýrimaður frá því í janúar í fyrra. Þegar tilsettum tíma á sjó er náð get ég farið sem fyrsti stýrimaður og næsta skref eru skipstjóraréttindi. Það er ekki mikið eftir í fyrsta stýrimanninn og ég ætla að sækja um þegar ég verð kominn með skírteinið í hendur.“

Páll byrjaði sem háseti á Herjólfu 2019, þá 18 ára en er að verða 24 ára núna. „Mér hefur alltaf líkað vel á Herjólfu sem er gott skip. Vinnutíminn hentar mér vel. Erum viku á sjó, tökum fyrri part dags frá sex til fimm, þá kemur vikufri og tökum svo kvöldvaktir í viku og aftur í fri. Þetta er fjölskylduvænt,“ segir Páll og Ólöf tekur undir það.

Stór vinnustaður

Herjólfur er stór vinnustaður. Á veturna eru tíu um borð og fara upp á fjórtán á sumrin. „Það er fjórföld áhöfn þannig að það eru lágmark 40 fastráðnir en geta farið upp í 56.“

Hver finnst þér helsti kosturinn við Herjólf? „Þetta er eins og ég



Páll og Ólöf Maren með börnin tvö, Ástrós Berthu og Arnór Breka.

Mynd Þórey Helga ljósmyndari.

sagði áðan, fjölskylduvænt. Þú ert ekki í burtu í marga daga og sefur heima á hverri nóttu. Þægilegur vinnutími og gott fólk sem maður vinnur með. Herjólfur gott sjóskip og fer vel með mann.“

Rekstur Herjólfis krefst margra manna með réttindi, bæði í brú og vél. Það eru þrír með skipstjórnaréttindi um borð og tveir vélstjórar. „Þannig að réttindamenn eru 18 í heildina og margir koma af fiskiskipflotanum. Finnst gott að breyta til eftir að hafa verið lengi á sjó á fiskiskipum,“ segir Páll en næst berst talið að Landeyjahöfn sem ekki hefur staðist væntingar.

„Það er alltaf leiðinlegt að fara í Þorlákshöfn ekki síst fyrir farþega. Hvað er til ráða? Ég veit

það ekki en eflaust eru til lausnir sem geta fjölgað dögum sem fært er í Landeyjahöfn ef menn nenna að standa í því.“

Páll segir farþega yfirleitt þakkláta en alltaf séu einhverjir sem eru það ekki. „Það er kannski mest þegar reynt er að troða sem flestum bílum um borð en við reynum eins og við getum. Ekki síst ef um síðustu ferð er að ræða,“ segir Páll.

Bikarmeistarinn Ólöf

Ólöf vann hug og hjörtu Eyjanna þegar henni var nánast hent í markið í úrslitaleik bikarkeppninnar 2023 þar sem Eyjakonur stóðu uppi sem Bikarmeistarar eftir sigur á Val.

„Það var mjög óvænt og Ástrós ekki nema sjö mánaða. Ég var varamarkmaður og átti alls ekki von á að fara inn á. Svo fær Marta markmaður rautt spjald og ég varð að gera eitthvað. Var lítið búin að spila en þetta hafðist. Sem betur fer,“ segir Ólöf og hlær. Stressuð? Já. Það sést á myndum að ég var algjörlega hvít í andliti. Þetta gekk og þetta er minn fyrsti bikarmeistaratitill,“ segir Ólöf sem spilaði áður með KA/Þór á Akureyri. „Ég er enn að æfa, byrjaði aftur fyrir liðið tímabil eftir að hafa átt seinna barnið mitt þannig að þetta varð smá pása en ég hef verið í fæðingarorlofi frá því í mars í fyrra. Er í námi í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Á eitt ár eftir. Það eru tvær staðarlotur á önn, fjórar á vetri og þá er gott að eiga fjölskyldu fyrir norðan.“

Páll er kominn af Þingholtsfjölskyldunni í móðurætt sem ásamt föðurfjölskyldunni er fjölmenn í Vestmannaeyjum. „Mér fannst það ekkert mál því sjálf er ég úr stórrí fjölskyldu þannig að þetta er bara gaman. Er langoftast ánægð í Eyjum en ekki þegar ég þarf að fara í Þorlákshöfn. Er mjög sjóveik. Fæ alltaf koju, ligg og vonast til að æla ekki,“ segir Ólöf en hvað sér Páll framundan?

„Ég verð á Herjólfu, alla vega til að byrja með en maður veit aldrei. Langar kannski að breyta til en ekki á skemmtiferðaskip, ekki strax en væri alveg til í að prófa fiskveiðar,“ segir Páll aðspurður. „Það er svo leiðinlegur vinnutími á skemmtiferðaskipunum en gæti verið gaman að prófa. Vinna í tíu vikur og fri í tíu. Valgeir, bróðir pabba hefur í tvö ár verið á skemmtiferðaskipum og líkar mjög vel. Hann er heppinn að vera á skipi sem siglir við Ísland í sumar. Fer hringinn og kemur m.a. við í Vestmannaeyjum,“ segir Páll en að endingu var Ólöf spurð um muninn á veðri á Akureyri sem bauð upp á yfir 20 stiga hita dag eftir dag þegar viðtalið var tekið.

„Ég veit ekki hvort það er betra á Akureyri svona heilt yfir en vindurinn í Vestmannaeyjum er ekki beint næs. Það getur gustað á Akureyri en ekki svona mikið og er fínt á sumrin,“ voru lokaorðin að þessu sinni.



Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn!

Gildi er bakhjarl sjómanna og styður við þá og fjölskyldur þeirra á öllum æviskeiðum. Aðild að sjóðnum tryggir meðal annars:

- Ævilangan ellilífeyri við starfslok
- Áfallalífeyri í kjölfar veikinda eða vinnuslyss
- Rétt á maka- og barnalífeyri

Með séreignarsparnaði fást auknar ráðstöfunartekjur við starfslok en hann getur einnig nýst við fasteignakaup. Við vekjum jafnframt athygli á tilgreindri séreign en með henni er mögulegt að ráðstafa hluta af hefðbundnu lífeyrисиðgjaldi í aukinn séreignarsparnað. Mikilvægt er að kynna sér kosti og galla tilgreindrar séreignar áður en sú leið er valin.

Allir sem greitt hafa til Gildis geta sótt um húsnæðislán hjá sjóðnum.

Kynntu þér málið nánar á gildi.is

Táknræn athöfn við opnun Ágústarstofu

Bækur besta leiðin til velsældar

≡ Eitt stærsta fágætisbókasafn landsins ≡ Allar útgefnar Biblíur á Íslandi ≡ Gott veganesti ≡ Umhyggja fyrir starfsfólki

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Ég gat þess fyrir átta árum, árið 2017, þegar ég afhenti Bókasafni Vestmannaeyja fyrstu bækurnar, þar á meðal allar 11 útgáfur Biblíunnar á íslensku, við athöfn í Einarstofu í Safnahúsinu og Ágústarsafn var fyrst kynnt til sögunnar, að bækurnar væru gefnar til Eyja í minningu föður míns, Einarssonar útgerðarmanns, en hann var hreinræktaður Eyjamaður. Gjöf mín var þó ekki vegna hinna mörgu minnisvarða sem hann reisti hér í Eyjum og víða um land í útgerð og fiskvinnslu en hann var, sem kunnugt er, einn af helstu athafnamönnum landsins á sinni tíð,“ sagði Ágúst Einarsson þegar Ágústarstofa í Fágætissal Safnahúss var formlega opnað við athöfn á sunnudaginn í Ráðhúsi og síðar í Safnahúsi. Vel var mætt og tókst athöfnin í alla staði hið besta.

„Mín bókaþing var til minningar um þann hug sem pabbi bar til starfsfólks síns og umhyggju hans fyrir menntun þeirra og lestri. Þannig rak hann bókasafn fyrir starfsfólk sitt, lánaði út bækur og var með námskeið, til dæmis í tungumálum, þannig að starfsfólkið gat aflað sér frekari menntunar. Þetta var einsdæmi og sýndi að hann var mörgum áratugum á undan samtíð sinni. Pabbi vildi koma öllum til nokkurs þroska, eins og Snorri lýsir Erlingi Skjálgssyni í Heimskringlu.



Órn Hrafnkelsson landsbókavörður í ræðustól.



Ágúst - Pabbi og kynslóð hans börðust úr engu nema fátækt, og lögðu með störfum sínum í sjávarútvegi grunninn að velmegun Íslendinga nú á tímum. Myndir/Óskar Pétur Friðriksson

Móðir mín, Svava Ágústsdóttir, sagði mér að það væri hægt að taka allt frá mér, heilsuna, ættingja, peninga og vini, allt nema menntunina. Menntunin væri það eina sem ég raunverulega ætti. Ég skildi þetta heilræði ekki þá en það kom og ég hef reynt að miðla því til nemenda minna.

Ég hef það frá pabba að líta svo á að bækur séu besta leiðin til velsældar. Pabbi og kynslóð hans, en hann var aldamótamaður, fæddur árið 1906, börðust úr engu nema fátækt, og lögðu með störfum sínum í sjávarútvegi grunninn að velmegun Íslendinga nú á tímum,“ sagði Ágúst einnig.

Auk Ágústar fluttu Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri, Örn Hrafnkelsson landsbókavörður og biskupinn yfir Íslandi frá Guðrúnu Karls Helgudóttir ávörp í Ráðhúsinu. Þaðan var gengið í Safnahús þar sem fágætissafnið var formlega opnað.

Þakki og heillaóskir

„Það er mér sönn ánægja að opna dagskrána á þessum fallega degi. Loksins opnum við aðgang að einu glæsilegasta fágætisbókasafni landsins ásamt um 40

Kjarvalsmálverkum auk verka þekktasta listamanns okkar, Júlíönu Sveinsdóttur. Öll þessi verðmæti hafa of lengi verið óaðgengileg en nú er það breytt,“ sagði Íris.

„Ég vil byrja á því að óska Vestmannaeyingum til hamingju með gjöf Ágúst Einarssonar, bækurnar og málverkin, og þennan glæsilega fágætissal eða stofu sem er opnuð formlega á safnadeginum 2025. Hér eru ekki aðeins saman komnar glæsilega fornar íslenskar bækur, fyrstu útgáfur af helstu höfundum Íslands, heldur einnig glæsileg málverk og gömul kort. Safnahúsið verður meira fyrir vikið og því ber að fagna á Safnadeginum 2025,“ sagði Örn.

„Ég vil þakka þér, Ágúst Einarsson fyrir rausnarskap, hugsjón og elju og Kára Bjarnasyni, forstöðumanni safnsins, bæjarstjórni og prestum fyrir að bjóða mér að taka þátt. Markmið Íslenska safnadagsins, sem og þeim alþjóðlega er að kynna og efla safnastarf í heiminum.


Það er nú að gerast hér í Vestmannaeyjum í dag með opnun safnsins. Með sýningu á öllum ellefu útgáfum Biblíunnar er

loksins komin sýning sem sýnir og rekur sögu hennar frá því hún var fyrst prentuð 1584 og til 2007 þegar sú nýjasta kom út,“ sagði séra Guðrún og taldi opnunina stórviðburð.

Eðlisbreyting á Bókasafni Vestmannaeyja

Kári Bjarnason ávarpaði gesti í Ágústarstofu og sagði það einstök forréttindi að fá að standa á þessum stað á þessum tímamótum í sögu Bókasafns Vestmannaeyja sem var stofnað árið 1862. Öflugt almenningsbókasafn sem telur nú um 100.000 bækur en nú einnig með öflugustu fágætisbókasöfnum.

„Þegar ég kom hingað 2007 var elsta bókin á safninu 13. útgáfa Grallarans frá 1739 og langelst á erlendum málum bók um Rínarflijótið frá 1690,“ sagði Kári en breyting varð 12. desember 2016 þegar Ágúst Einarsson boðar hann, Arnar Sigurmundsson og Helga Bernódusson á sinn fund. „Mig langar að orða það svo að ég hafi aldrei alveg farið til baka. Ég mun að minnsta kosti seint gleyma drekkhlöðnum borðunum, þar sem fram voru bornar allar Biblíurnar frá Guðbrandi, Þorláki,



Til hamingju með daginn sjómenn

Í áratugi hefur Síminn tengt hetjur hafsins við umheiminn á meðan þær sinna mikilvægri verðmætasköpun.

siminn.is



Steini og áfram. Þar við hliðina sat Eddan í þremur bindum 1787, Ari fróði 1688 og önnur eftir hann 1610 bundin inn með bók frá 1556,“ sagði Kári og nefndi fleiri fágæt rit.

„Þetta er aðeins brot af því sem Ágúst sýndi okkur þremmenningum um með þeim orðum að hann hefði ákveðið að gefa Bókasafni Vestmannaeyja bækurnar kvaðalaust en vissulega í þeirri von að þeim yrði sómi sýndur.

Allt frá þessum tíma hefur Ágúst haldið áfram að byggja smám saman upp eitt glæsilegasta fágætisbókasafn landsins,“ sagði Kári og gaf Loga ráðherra orðið.

List og menning dafni

Logi sagði það einstaklega gaman að fá boð um að taka þátt í þessum merkilega viðburði. Menningarmálaráðuneytið hafi margar skyldur þegar kemur að listum og menningu í landinu. Þær séu ekki eingöngu að standa vörð um þessar lögbundnu stofnanir heldur líka að sjá til þess að menning og list dafni sem víðast um landið.

„Mér fannst sérstaklega fallegt hvernig Ágúst talaði um pabba sinn, Einar Sigurðsson athafnamann sem var mörgum kynslóðum á undan sinni samtíð. Lagði metnað í að veita starfsfólki sínu aðgang að menntun og lestri,“ sagði Logi og þakkaði öllum þeim sem að verkinu komu. Sérstaklega þakkaði hann Ágústi Einarssyni og Kolbrúnu Ingólfssdóttur konu hans fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

„Vona svo sannarlega og veit að safnið á eftir að vekja athygli og áhuga langt út fyrir Vestmannaeyjar. Óska Vestmannaeyingum og öllum landsmönnum til hamingju með þetta merka fágætissafn og lýsi hér með Ágúststofu opna,“ sagði Logi.

Málið skýlt

Þorbjörg Sigríður kirkjumálaráðherra þakkaði Ágústi rausnarskapinn, feegurðina og væntumþykjuna til Vestmannaeyinga með þessari höfðinglegu gjöf. Hún sagði sér málið skýlt sem fyrrverandi tengdadóttir Ágústar og að faðir hennar, Gunnlaugur A. Jónsson prófessor í guðfræði sat í biblíubýðingarnefndinni þegar nýjasta útgáfan kom út árið 2007.

„Þetta er merk stund fyrir mig sem kirkjumálaráðherra og við erum að tala um ellefu útgáfur Biblíunnar, allt frá 1584,“ sagði Þorbjörg og fagnaði því hvað margir voru viðstaddir. „Líka gaman hvað hér eru mörg úr fjölskyldu Ágústar. Meðal annars systur hans, börn og barnabörn sem sýnir sterka taug hjá fjölskyldunni allri til Vestmannaeyja. Það sýnir hún með táknrænum hætti þegar við opnum sýninguna,“ sagði Þorbjörg og opnaði Biblíusýninguna ásamt Guðrúnu biskupi.

Eitt stærsta fágætisbókasafn landsins

Grunnurinn að fágætisbókasafninu er gjöf Ágústar Einarssonar sem hann gaf í minningu föður síns, Einars Sigurðssonar. Það eru um 1500 bækur sem eru fágætar og í hópi mestu perla í íslenskri bókmenningarsögu. Þar er að finna allar Biblíurnar ellefu sem gefnar hafa verið út á Íslandi. Allt frá Guðbrandsbiblíu frá 1584, Þorlákssbiblíu frá 1644 og Steinsbiblíu frá 1728. Elsta bókinn í safninu er svokallað vögguprent sem kom út árið 1498. Er keppikefli allra bókasafna heimsins að eignast vögguprent því átt er við bækur sem eru prentaðar á fyrstu árum prentunar eftir að Biblía Gutenbergs kemur út árið 1455 og til og með aldamótaárinu 1500. Elsta bók sem varðveitt er prentuð á íslensku er Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540.

Í safninu eru ótrúlega margar lykilbækur íslenskrar menningar. Bækur í íslenskum fræðum frá sautjándu, átjándu og níttjándu öld. Grundvallarrit skálda, fræða og annars. Auk þess er að finna í safninu um 40 málverk eftir Kjarval sem ekki hafa verið gerð aðgengileg fyrr en núna. Málverkin eru upphaflega komin frá Sigfúsi M. Johnsen. Svokallaðar áttahagabækur sem fjalla um Vestmannaeyjar eiga sinn stað í safninu. Eru það um 2000 bækur auk málverka eftir Júlíönu Sveinsdóttur. Einnig erum við með Íslandskort, mikið safn frá Ólafi Hjálmarssyni fyrrverandi hagstofustjóra. Af þeim voru valin þrjú kort frá 1570 til sýningar. Það munu flestir kannast við þessi Íslandskort en hér erum við með frumkortið sjálf, litlu yngri en frá siðaskiptum.

Kári segir að vissulega megi óska Vestmannaeyingum til hamingju með fágætissafnið. „Það er í hópi mestu fágætissafna landsins og hvað varðar verk Kjarvals hefur Ágúst verið að safna öllum bókum um Kjarval og eftir Kjarval. Hann skrifaði yfir 20 bækur og þær er allar að finna á safninu með persónulegum áletrunum frá honum sjálfum. Það er því einstök upplifun fyrir gesti að koma í safnið og upplifa það,“ segir Kári og eru það orð að sönnu því safnið er vel heppnað í alla staði. Kári hvatti að lokum Eyjabúa sem aðra sem sækja heim Vestmannaeyjar að líta við. „Við munum auglýsa opnun á fágætinu okkar reglulega en auk þess er alltaf hægt að líta við á Bókasafninu og ég fer glaður með hvern sem vill í skoðunarferð,“ sagði Kári og bætti við að hann myndi standa vaktina alla sjómannaðagshelgina og það yrði auglýst síðar. Sigrún Arna Gunnarsdóttir sá um hönnun og litaval og hefur tekist einstaklega vel til.



Fjölmenni var í Ágústarstofu við opnun fágætissafnsins.



Fjölskylda Ágústar sem mætti við opnunina: F.v. Krístrún Ágústsdóttir, Sigurður Sigurðsson, Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, María Guðrún Ágústsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðbjörg Matthíasdóttir, Elísabet Una Einarsdóttir, Hafrún Helga Snæbjörnsdóttir, Helga Einarsdóttir, Birta Sól Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson, Elín Einarsdóttir, Magnús Sigurðsson.



Íris – Eitt glæsilegasta fágætisbókasafn landsins 40 Kjarvalsmálverka auk verka Júlíönu Sveinsdóttur.



Þau fluttu ávörp, Íris bæjarstjóri, Guðrún biskup, Logi ráðherra, Ágúst Einarsson og Þorbjörg ráðherra.

Til hamingju
með daginn
sjómenn!



HAMPIÐJAN

- fyrir öll heimsins höf

Slippurinn ≡ Fjórtán ára ævintýri lýkur í haust

Gerðu það sem þú vilt en gerðu það vel

Þetta hefur listakokkurinn Gísli Matt haft að leiðarljósi

≡ Skilaboð frá langafa hans, Binna í Gröf

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Gísli Matt, matreiðslumeistari, er kominn af sægörpum í báðar ættir. Langafi hans, Binna í Gröf á Gullborgu VE, var í mörg ár fiskikóngur Vestmannaeyja um miðja síðustu öld og lifandi goðsögn. Áfinn og pabbinn sóttu líka gull í greipar Ægis en nú stendur afkomandinn á bryggjunni, velur besta fiskinn og matreiðir rétti sem laða hingað fólk allstaðar að úr heiminum.

Þann 21. maí sl. opnaði Slippurinn og þar með lýkur ævintýrinu. Hefur staðið í fjórtán sumur þegar lokað verður í haust.

„Þetta verður fjórtánda sumarið okkar og jafnframt það síðasta. Með því verða ákveðin kaflaskil í matarmenningu Vestmannaeyja og líka fyrir okkur fjölskylduna sem hefur rekið staðinn frá upphafi,“ segir Gísli Matt, en veitingastaðurinn Næs, sem er beint á móti Slippnum við Strandveginn, hverfur ekki.

Slippurinn hefur frá upphafi verið fjölskyldufyrirtæki. „Við stofnuðum Slippinn sumarið 2012, fjölskyldan öll saman, pabbi og mamma, Auðunn Arnar Stefniðsson og Katrín Gísladóttir, Indíana systir sem fór út úr rekstrinum 2018 og ég,“ segir Gísli Matt. „Það er rétt, að Binna í Gröf var langafinn. Gísli Matthías Sigmarsson, afi minn og nafni, var lengst af á sjó og í útgerð og oft kenndur við Katrínu VE.

Pabbi reri á Katrínu með afa og þar var mamma að kokka, þá 15 ára. Þannig kynnst þau.

Pabbi er frá Siglufirði, reri á Elliðaey VE 45 og síðar Katrínu VE 47 með afa, mamma kynnst pabba, þá 16 ára, svo saman á sjó og mamma að kokka á Elliðey þá árið á eftir. Voru síðar 3 börnum rílkari, en mamma kom í land þegar hún var gengin 3 mánuði á leið með mig. Pabbi hefur mikið



Fjölskyldan: Auðunn, Katrín, Indíana og Gísli.

verið á sjó og smíðað og unnið með okkur allan tímann. Er í dag með sína litlu útgerð og á strandveiðum.“

Gísli Matt er því með salt í blóðinu, áfinn og nafninn kominn af sjóhundum langt aftur í ættir og amman, Sjöfn Kolbrún Benónýsdóttir, dóttir aflakónsins, veit upp á hár út á hvað sjómennska gengur. „Þau byrja saman og börnin urðu sjó og Katrín mamma mín er næst elst,“ segir Gísli Matt og segir konur sjómanna hafi gegnt mikilvægu hlutverki og minnst langömmu sinnar, Þuríðar Sigríðar Katrínar Sigurðardóttur sem eignaðist sjó átta börn.

Skilaboð frá langafa

„Þeir voru vissulega hetjur hafsins en konurnar höfðu nóg að gera. Hugsa um börn og heimili, skera af netum, vinna fiskinn og sjá um bókhaldið. Amma og mamma segja að Binna afi hafi lítið látið fara fyrir sér heima við. Harðstjórinn á heimilinu var amma.“ Synirnir fóru á sjóinn nema

Sigurður Grétar, Brósi, sem er einn þekktasti hárgreiðslumaður landsins.

„Það var ekki algengt þegar Brósi var að alast upp að strákar gerðust hárgreiðslumenn. Það er til ótrúlega skemmtileg saga af því þegar Brósi sagði pabba sínum hvað hann ætlaði að verða. „Gerðu nákvæmlega það sem þú vilt. Vertu bara bestur í því sem þú gerir,“ sagði afi. Frábær saga og skilaboðin eru: Gerðu það sem þú vilt en eins vel og þú getur. Ná eins langt og þú getur. Eitthvað sem ég hef haft að leiðarljósi.“

Gísli Matt fór á sjó en fann strax fyrsta daginn að sjómennskan átti ekki við hann. „Fékk ég enga útrás fyrir sköpunarþörfina á sjónum en var hálfskömmustulegur gagnvart fjölskyldunni. Þá var Siggí frændi á Gott að opna veitingastað í bænum og ég var ráðinn til að hjálpa pabba að byggja staðinn. Einn daginn vantaði mann í uppvaskið og ég fór í það. Næsta dag mætti kokkaneminn ekki og þá var ég allt í einu

farinn að skralla kartöflur. Þannig að ég dróst inn í þennan heim.“

Dróst inn í kokkamennskuna

Þar með var teningunum kastað og metnaðurinn til staðar, að verða bestur. Útskrifaðist með hæstu einkunn í Matreiðsluskólanum í áratugi. „Ég lærði hjá Sigga og vann á milli hjá kokkum sem mér fannst skara fram úr á Íslandi,“ segir Gísli Matt, en hugmyndin að Slippnum varð til á ættarmóti á Siglufirði. Hana á Katrín mamma hans sem sá möguleikana á koma upp veitingastað í Magnahúsinu sem Matthías Óskarsson, frændi þeirra átti. Hann var til í að leigja þeim og undir morgun hringdi Gísli Matt í vini sína sem voru tilbúnir að mæta árið eftir og taka þátt í ævintýrinu. Gísli Matt þá 23 ára og útskrifaðist um haustið. Fengu lyklana og kom í ljós að húsið var miklu verr farið en þau bjuggust við. En fjölskyldan hófst handa og þurfti ekki iðnaðarmenn fyrir en í lokin.

Nokkrum árum áður höfðu kokkar á Norðurlöndunum komið saman og markað norræna matarstefnu. Skrifuðu undir plagg í tíu liðum með áherslu á sögu, hefðir og að vera opin fyrir hráefni í næsta umhverfi. „Mér fannst þetta svo ótrúlega áhugavert. Var að vinna á veitingastaðnum Dill sem er rekinn með þetta að leiðarljósi. Þar er góður vinur minn, Gunnar Karl, og staðurinn með Michelinstjörnu í dag. Það spruttu upp snobbveitingastaðir þar sem ekki var hægt að panta færri en tíu rétti í einu. Ég vildi færa þetta í annan búning með fókus á Vestmannaeyjar. Opna stað með stórum sal og sýna að hægt er að bjóða upp á frábæran mat fyrir marga. Þar sem fólk kemur og borðar einn rétt en ekki tíu og njóta um leið nýstárlegrar norrænnar matargerðar.“

Einstakur

Slippurinn er á allan hátt einstakur staður. Salurinn hlýlegur með frábæru útsýni yfir höfnina en ekki leynir sér að þarna var í eina

tíð vélsmiðja. Þjónustan frábær og að fara út að borða á Slippnum er í einu orði sagt ævintýri. „Slippurinn varð fljótt að einhvers konar miðpunkti fyrir okkur bæði í matargerð og í lífinu. Hefur síðan hlotið bæði íslenskar og erlendar viðurkenningar fyrir nálgun sína á hráefni, sjálfbærni og sköpunargleði í eldhúsinu.“ Já, þau hittu í mark og komu Vestmannaeyjum á kortið sem eftirsóttum matarstað. Slippurinn hefur frá upphafi verið þekktur fyrir sín sterku tengsl við náttúru Íslands, hráefnið frá bændum og sjómönnum og sótt í fjöruna og upp um brekkur. Hugmyndafræði sem snýst um sjálfbærni og heiðarleika í matreiðslu. „Við höfum alltaf reynt að vinna með því sem er til í kringum okkur og Slippurinn er vettvangurinn. Við höfum lært mikið, skorað á okkur og þróast mikið.“

Frægur um allan heim

Þau gáfu út bók sem kom út í 76 löndum um Slippinn og Vest-

mannaeyjar. Veitingastaðurinn hefur einnig fengið umfjöllun í mörgum af stærstu fjölmiðlum heims á borð við The New York Times, Wall Street Journal, BBC, Vogue og svo mætti lengi telja. „Slippurinn hefur einnig komið fyrir í ótal sjónvarpsþáttum. Í sumar verður til að mynda teknir upp þrír erlendir þættir fyrir sjónvarpsseríur og ein heimildarmynd hér í Eyjum,“ segir Gísli Matt sem hefur víða komið við á þessum 14 árum. Farið í opinberar heimsóknir með forseta Íslands, verið gestakokkur á frægustu veitingastöðum heims og glatt bragðlauka fólks hér á landi í stórum veislum. Vel á þriðja hundrað manns hafa unnið á veitingastaðnum yfir þessi 13 ár og færri komust að en vildu í sumar. „Þetta er fólk af þekktum veitingastöðum sem hafa kennt okkur mikið um leið og við miðlum af okkar þekkingu. Það eru dæmi um að fólk stofni veitingastaði sem byggja á því sem við erum að gera. Það eitt

og sér er mikil viðurkenning og gerir þetta skemmtilegra,“ segir Gísli Matt og mikil tímamót eru framundan. „Þegar við hættum eftir sumarið tekur húseigandinn við húsnæðinu á ný. Við vitum að þetta sumar á eftir að verða tilfinningaþrungnið. Við erum staðráðin í að kveðja með reisu og gera þetta að eftirminnilegu lokasumri. Við opnuðum Slippinn 21. maí sl. og er hann opinn frá miðvikudegi til sunnudags frá kl. 17.00 fram til 13. september. Lokakvöldið verður tilkynnt sérstaklega síðar í sumar.“ Þó sögu Slippins ljúki heldur Næs áfram. „Hann hefur verið systurstaður Slippins frá 2022 og heldur nú áfram rekstri yfir sumarið, opinn alla daga vikunnar frá byrjun júní. Þar er mikill kraftur og við sjáum fram á að byggja áfram á þeirri orku sem Slippurinn hefur skapað. Þetta er ekki endir heldur upphafið að næsta kafla,“ segir Gísli Matt að endingu.



PÖNNUSTEIKTAR ÞORSKGELLUR
með hvítvínssósu, engifer og grilluðum vorlauk
- fyrir 4 -

Gellur og panering:

- 600 g þorskgellur, hreinsaður og þurrkaður
- 1 bolli hveiti
- 2 egg
- 1 bolli brauðrasp (eða panko)
- Salt og pipar
- Olía til steikingar

Hvítvínssósa með engifer:

- 1 msk smjör
- 1 lítill skalottlaukur, saxaður
- 1 tsk rifinn ferskur engifer
- 1 dl þurrt hvítvín
- 1 dl rjómi
- 1 tsk Dijon sinnep
- Salt og pipar

Grillaður vorlaukur:

- 2-3 vorlaukar, skornir langsum
- Ólífúolía
- Smá sjávarsalt

Aðferð:

1. Undirbúningur: Þvoðu og þurrkaðu gellurnar. Kryddaðu með salti og pipar. Veltið þeim fyrst upp úr hveiti, svo eggji, svo brauðraspi.
2. Steiking: Hitið olíu á pönnu og steikið gellurnar þar til þær eru gullinbrúnar og eldaðar í gegn (ca. 3-4 mín. á hvorri hlið).
3. Sósan: Bræðið smjör í potti. Steikið lauk og engifer í 1-2 mín. Bætið við hvítvíni og látið sjóða niður um helming. Bætið þá rjóma og sinnepi við, látið sjóða í nokkrar mínútur, smakkaðu til með salti og pipar.
4. Grillaður vorlaukur: Penslið með ólífúolíu og grillið á pönnu eða grillgrind þar til hann fær góðar rendur, ca. 1-2 mín á hvorri hlið.
5. Berið gellurnar fram með sósunni og toppið með vorlauknum og jafnvel smá af pickluðum engifer.



REYKT ÝSA
með krydduðu agurkuseyði, piparrótarkremi og stökku rúgbrauðskexi
- fyrir 4 -

Reykt ýsa:

- 400 g reykt ýsa (t.d. flök)
- Vatn til suðu

Agurkuseyði:

- 1 stór agúrka, afhýdd og rifin/grófsöxuð
- Gott knippi af hundasúrum
- ½ grænn chili, fínsaxaður (með fræjum ef þú vilt meiri hita)
- 1 tsk sykur
- Safi úr ½ sítrónu
- Smá salt

Piparrótarkrem:

- 1 dl sýrður rjómi
- 1 tsk sítrónubörkur
- 1-2 tsk rifin piparrót (fersk eða úr krukku)
- Salt og sítrónusafi eftir smekk

Rúgbrauðskex:

- Gott rúgbrauð (t.d. HP rúgbrauð)
- Ólífúolía

Aðferð:

1. **Agurkuseyði:** Setjið agúrku, grænna chili, hundasúru, sítrónusafa, sykuru og salti í blandara. Látið standa í 5 mínútur og sigtið svo í gegnum fínt sigti.
2. **Piparrótarkrem:** Blandið sýrðum rjóma, piparrót, smá sítrónusafa og salti saman. Smakkið til og geymið í kæli.
3. **Rúgbrauðskex:** Skerið rúgbrauð í mjög þunnar sneiðar. Penslið með ólífúolíu og bakið á bökunarpappír við 160°C í 10-15 mínútur þar til það er stökkt og gyllt.
4. **Ýsan:** Sjóðið vatn og lækkið hitann aðeins. Setjið ýsuflök varlega í pottinn og látið sjóða mjög varlega í 3-4 mínútur, eða þar til fiskurinn er rétt eldaður (passið að sjóða ekki of lengi – hann á að haldast mjúkur og rakur). Takið úr vatninu og látið leka af.
5. **Frágangur:** Hellið smá agurkuseyði á disk, leggið soðna ýsuna ofan, eða takið í lítill flök, á, setjið piparrótarkrem í toppum hér og þar, og toppið með stökku rúgbrauðskexum og hugsanlega ætum blómum eins og skjaldfléttu.

Eyjamaður ≡ Úteyjamaður ≡ Þjálfari ≡ Trillukall ≡ Smiður

Kaffispjall og siglt inn í sólina að morgni dags

≡ „Að fara á sjó er alveg dásamlegt og ef þú átt tækifæri, reyndu“

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Pabbi hafði eitthvað verið á sjó þegar hann var yngri. Hann reri á netavertíð en var lærður járnsmiður. Hans sjómennska var viðhald og viðgerðir á bátum, er laghentur, lagar hlutina á sinn hátt en það virkar,“ segir Sigurður Bragason, trillukarl um föður sinn Braga Steingrímsson, skipstjóra og útgerðarmann á Þrasa VE.

Bragi byrjaði að gera út upp úr tvítugu með Svabba bróður sínum. Þeir áttu lítinn spýttubát sem endaði á leiksvæðinu við leikskólann Kirkjugerði. „Þar er Þrasa VE og margir strákar sem léku sér í Þrasa sem börn fóru á sjóinn. Það er spurning hvort þessi litli bátur hafi kveikt í þeim? Pabbi hélt áfram en verður seint kallaður sjómaður, kannski trillukall,“ segir Sigurður sem byrjaði ungur að fara í róðra með pabba sínum.

„Hann tók okkur stundum með vinina og stærsti fiskur sem við veiddum var lúða. Ég man hvað mér fannst þetta ótrúlega heillandi, að vera á sjó. Líka veiðimennska og úteyjallif þar sem Hellisey er okkar gríðastaður á sumrin þó lítið sé um lundaveiði þessi árin.“

Nú er trillumennskan orðin hans önnur vinna. „Ég er launaður starfsmaður útgerðarinnar og hef verið í fjögur ár, frá því ég hætti í Sjóvá. Þá lofaði ég mér því að ég ætlaði aldrei að vinna á skrifstofu. Mér leið virkilega illa, alltaf að drepast í hausnum og herðunum. Málið er að ég er fatlaður, eineygður, og að sitja framan við tölvu og horfa skakkur á tölvuskjáinn var að gera út af við mig,“ segir Sigurður sem missti annað augað fjögurra ára vegna krabbameins. Tók þá U-beygju og einbeitti sér að þjálfun en vantaði meiri pening og fór að smíða.

Smiður verður til

„Sigurjón Ingvars tekur mig að sér 2016 þegar ég hætti í Sjóvá. Ótrúlega gaman og ég tók þátt í margskonar verkefnum. Stækkaði Leó Godthaab með Oliver Daða



Fræknir feðgar og enn þeir stunda sjóinn. Sigurður og Bragi Steingrímsson með skammtinn einn góðviðrisdaginn í síðustu viku.

og við Sigurjón byggðum ofan á Vigtina, fimm hæða hús og ekki einn einasti byggingarkrani notaður. Slegið var upp á gamla mátann, með dokum en ekki þessum stóru hlerum sem notaðar eru í dag. Vel tókst til og öll mál stóðust þegar kom að því að setja gluggana í.“

Sigurður hrósar Sigurjóni, segir hann góðan smið, kennara og traustan vin. Næst fór hann til Daða Páls og byggði fyrir hann tvö hús í Godahrauni með Garðari hans Simma í Tréverki. „Ég er ekki menntaður smiður en fer í sveinsprófið eftir viku. Þetta var gaman, að þjálfra og smíða en eitt sumarið var ég að róa með pabba og sá að það var hægt að gera pening úr trilluútgerð.“

Var hræddur

Bragi var fyrst og fremst hobbýsjómaður. Trillukarl sem fór á sjó og náði í soðið. „Ég vildi gera þetta almennilega, kaupa kvóta og í dag eigum við 25 tonn af þorski og erum fimmta eða sjötta stærsta útgerð í einkaeigu í Vestmannaeyjum.

Pabbi á útgerðina Hellisey sem gerir út handfærabátinn Þrasa VE 20. Þetta er mjög skemmtilegt og orðið að litlu fjölskyldufyrirtæki. Kári Steinn (Helga Bragasonar) er farin að koma með okkur og stendur sig vel. Mér finnst þetta frábært, og að finna að maður er að verða betri og betri í þessu. Það væri vissulega ekki þannig nema að maður læri af kallinum, svo leitar maður reynslu hjá þessum alvöru trilluköllum eins og Halla Hannesar, Halla Sverris, Sigga Hlödda, Svenna Valgeirs og fleirri eðalmönnum.“

Þegar Sigurður kom að úgerðinni var farið yfir reksturinn, þeir buðu út kaup á olíu, bættu meðferð og flokkun á fiski sem skilaði hærri verðum. „Núna fer ég á vertíð og næ mér í fínan aukapening. Þetta hef ég gert frá því 2017 og útgerðin hefur vaxið og dafnað. Þetta var fín afslöppun í þjálfuninni og eymslin sem voru að drepa mig þegar ég vann hjá Sjóvá eru horfin. Mér leið ekki vel og var hræddur. Hafði fengið krabba-mein í höfuðið og Jón Logason, mikill vinur minn dó langt fyrir

aldur fram eftir að hafa fengið æxli í höfuðið. Það fannst ekkert og ég í endalausum rannsóknum. Þá var ég komin með þá hugsun að þetta væri kviknað aftur í hausnum á mér.

Ekkert gekk, ég hætti hjá Sjóvá hellti mér í meiri líkamsrækt, jóga og fór að stunda sjóinn meira. Að fara á sjó er þessi rómantík sem fólk heldur. Fara út klukkan 5 á morgnana með pabba og einn kaffi. Við að spjalla og sigla inn í sólina og þar gerist það. Að fara á sjó er alveg dásamlegt og ef þú átt tækifæri, reyndu,“ segir Sigurður.

„Ég hef alltaf verið mikill Eyjamaður, úteyjakall, lundaveiðmaður og mikið náttúrubarn. Er alinn þannig upp. Er með Steingrímsgenin,“ segir Sigurður og vísar þarna til afa síns, Steingríms Benediktssonar fyrrum skólastjóra í Vestmannaeyjum. „Að sitja úti í eyju og hlusta á Gísla Steingríms var snilld. Hann gat talað í fimm tíma og sagt sögur af baráttu við eiturslängur og öðrum ævintýrum sem hann lenti í þegar hann sigldi um heimsins höf,“ segir Sigurður að endingu.



TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS HEFUR STAÐIÐ VAKTINA Í 55 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands
hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu
á raf- og tæknibúnaði og notkun hans

Tryggjum öryggi og skiptum við fagfólk

RAFIÐNAÐARSAMBANDIÐ STENDUR VAKTINA
og stendur vörð um réttindi þín, starfsumhverfi,
vellíðan og starfsöryggi

SJÓMANNADAGSHELGIN

Í VESTMANNAEYJUM 29.MAÍ-1.JÚNÍ 2025

FIMMTUDAGUR 29.MAÍ 2024

- 14-17 Kökubasar Eykindils**
Í sal Líknar v/Faxastíg
- 14:00 Einarssstofa**
Lista- og menningarfélag Vestmannaeyja opnar sýningu. Opn 10-17 alla helgina.
- 16:00 Sjómannadagsblað og merkjasala**
Skátarnir dreifa Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja frítt í öll hús í Eyjum. Yngri flokkar ÍBV sjá um merkjasölu, takið vel á móti sölubörnunum.
- 18:00 Ölstofa The Brothers Brewery**
Sjómannaþjórinn 2025 kynntur við hátíðlega athöfn. Opið 12 til 23.

FÖSTUDAGUR 30.MAÍ 2025

- 8.00 Sjómannagolfmót Ísfélags**
Skráning í síma 481-2363 og golf.is. Vegleg verðlaun í boði.
- 16.00 Blóm lögð að minnisvarðanum á Skansinum**
- 16-18 Akóges**
Bílasýning Toyota.
- 21.00 Nýðönsk í Höllinni**
Húsið opnar kl. 20.00 og tónleikar hefjast kl. 21.00. Miðasala á Tix.is.

LAUGARDAGUR 31. MAÍ 2025

- 11.00 Dorgveiðikeppni SJÓVE og Jötuns á Nausthamars bryggju.** Vegleg verðlaun, stærsti fiskur, flestir fiskar o.fl.
- 11-15 Akóges Bílasýning Toyota**
- 13.00 Sjómannaþjór á Vigartorgi**
Séra Viðar blessar daginn. Kappróður, koddaslagur, tuðrukvartmíla, lokahlaup, sjómannaþraut, foosball völlur á staðnum, þurkkoddaslagur, sjóstakkasund*. Blaðrarinn mætir á svæðið. Hoppukastalar. ÍBV verður með poppkorn, Kjörís gefur ís. Leikfélagið skemmtir. Andlitsmálun í boði TM.
- 20.00 AFTUR TIL 2000- Sjómannadagsskemmtun**
Tónlistin sem einkenndi síðustu aldamót mun ráða ríkjum. Fram koma: Beggi í Sóldögg, Einar Ágúst, Jónsi í Í svörtum fötum og Eyjaraddirnar Haffi úr MEMM og Una Þorvalds. Öll syngja þau við takt Bigga Nielsen úr Landi og sonum ásamt Gosunum. Veislustjóri verður Simmi Vill. Glæsilegt hlaðborð Einsa kalda ásamt skemmtun. >>>>>> Áhugasamir hafi samband við Höllina á hollinvestmannaeyjum@gmail.com.
- 23.00 Sjómannadagsball í Höllinni**
Beggi í Sóldögg, Einar Ágúst, Jónsi í Í svörtum fötum og Eyjaraddirnar Haffi úr MEMM og Una Þorvalds ásamt Gosunum.



MATSEÐILL EINSA KALDA

Forréttir við innkomu

- Nauta carpaccio, pistasíur, granatepli, parmesen, ponzu, stökkt frecola
- Skötusels mandarin tempura “new style” Wakame, sæt melóna, sweet chilli
- Lamba tartar á stökkri tartalettu, rauðrófa, kryddkaka, eggjakrem, jurtir
- Peking önd “dumplings”, vorlaukur, reykt chilli dressing, kóriander
- Sushi, eldfjalla maki, lax, agúrka, humarsalat, brennt laxa-belly nigri, kalamansi, teriyaki, sesamfræ

Aðalréttir (steikarborð)

- Nauta ribeye hægeldað í villisveppasóði
- Kalkúnabringur í savíusmjöri

Meðlæti

- New style sesar salat
- Romaine, tómatar, granatepli, parmesan, brauðten-

- ingar, yuzu-dressing
- Kartöflukaka með kryddjurtarmús
- Garðablóðberg, chili, graslaukur, steinselja, karmellað smjör
- Smjörsteiktir sveppir
- Strandsveppir, ostrusveppir, kantarellur, kastaníusveppir
- Ofnbakað rótargrænmeti
- Ristaðar salthnetur, beikon, döðlur, sólþurrkaðir tómatar, sítrónuolía

Sósur

- Sveppa og garðablóðbergsósa
- Einsa Kalda bernaíse sósa

Eftirréttarhlaðborð

- Mjólkursúkkulaði brownies
- Hvítsúkkulaðismjörkrem, jarðaber
- Mars súkkulaðimús
- Súkkulaðiskál, karamella, sykurpúðar
- Pistasíu tiramisu
- Mini sítrónutart

SUNNUDAGUR 1. JÚNÍ 2025

10.00 Fánar dregnir að húni

13.00 Sjómannamessa í Landakirkju.

Séra Guðmundur Örn predikar og þjónar fyrir altari. Eftir messu verður minningarathöfn við minnisvarða hrapaðra og drukknadra. Lúðrasveit Vestmannaeyja leikur nokkur lög. Blómsveigur lagður að minnisvarðanum. Geir Jón stjórnar athöfninni.

14-17 Meistarflokkur ÍBV kvenna með kaffisölu í Akóges.

15.00 Hátíðardagskrá á Stakkó

Lúðrasveit Vestmannaeyja Heiðraðir aldnir sægarpar, Guðni Hjálmarsson stjórnar. Karlakór Vestmannaeyja. Ræðumaður dagsins er Ísólfur Gylfi. Verðlaunaafhending, Fimleikafélagið Rán, hoppukastalar og popp. Andlitsmálun í boði TM.

* TM gefu 50.000 kr. styrk til góðgerðafélags að vali sigurvegara í sjóstakkasundi.

SJÓMINJASAFN Á FLÖTUM 23
verður opið 13-16 alla fimmtudag til sunnudags

Peir sem ætla að taka þátt í kappróðrinum og öðrum dagskráratriðum vinsamlegast hafið samband á Facebook síðu Sjómannadagsráðs eða í síma ráðsins: 869-4449, 697-9695 eða 898-7567

Sjómannadagsráð áskilur sér rétt á að gera breytingar á dagskránni hér ef þurfa þykir.

Sigurður Bragason kveður ÍBV eftir 31 ár ≡ Sjö titlar sem þjálfari
≡ Enginn sem leikmaður

Ennþá þessi geðveiki Siggi og þolir illa að tapa

≡ Er sáttur ≡ Kem vonandi aftur ≡ Erfiður vetur en lærdómsríkur
≡ ÍBV númer eitt ≡ Er sterkasta tákn Eyjanna ≡ Sagði nei við einni og hálfri milljón ≡ Sinnum krökkunum ≡ Höldum í gömlu gildin

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Þegar ég slæ inn nafn Sigurðar Bragasonar þjálfara á leitarvélinni kemur í ljós að þú ferð ekki alltaf með veggjum,“ segir blaðamaður við Sigurð Bragason, þjálfara meistaraflokks kvenna þar sem við sitjum í góðu yfirlæti í Týsheimlinu, höfuðstöðvum ÍBV-íþróttafélags. Sigurður hefur þjálfað meistaraflokk kvenna ÍBV frá árinu 2018 og hann lætur sér ekki bregða við þessa fullyrðingu. „Síðan ég byrjaði í íþróttum fjögurra ára hef ég verið gífurlegur keppnismaður og miklir keppnismenn fara stundum yfir strikið. Ég hef svo sannarlega gert það. Hef ég skammast mín fyrir það? Já og nei. Svona er ég bara og ekki sá eini. Maður segir ýmislegt og gerir eitthvað sem ekki passar. Ég held að ég hafi fengið 16 rauð spjöld á ferlinum þar af tvö sem þjálfari. Það er reyndar auðveldara að fá rauð spjöld í handbolta en fótbolta. Ég átti það til að hrinda mönnum og lemja einhvern en aldrei til að meiða,“ segir Sigurður og vitnar í Arnar Gunnlaugsson, knattspyrnuþjálfara sem stundum sér rautt. „Maður fer heim, horfir á sjálfan sig í ró og næði og sér hvað maður er mikill hálfviti,“ sagði Arnar. „Vissulega skammast maður sín fyrir þetta og hvað maður sagði. Lét þetta samt ekki hafa áhrif á mig fyrr en kannski í seinni tíð þegar ég var farinn að þjálfra ungar stelpur. Fór að vanda mig aðeins meira en fram að því lét ég keppnissskapið ráða og lét allt flakka. Sé ekki eftir neinu nema kannski tveimur skiptum.“

Sjö titlar á átta árum

Sigurður lék í 19 ár með ÍBV en náði aldrei að vinna titil sem



ÍBV – KA/ Þór Sigurður er gott dæmi um leikmann og síðar þjálfara sem fer upp í gegnum gangverkið hjá ÍBV.

leikmaður. „Það er staðreynd en ég kom að sjö stórum titlum sem aðstoðarþjálfari hjá Gunna Magg og Arnari Péturs og aðalþjálfari kvennaliðs ÍBV. Vann bikarmeistaratið með Gunna Magg 2015 og vann svo allt sem hægt var að vinna með Arnari 2018 þegar ÍBV varð Íslands- og bikarmeistari, deildarmeistari og meistari meistara. Með stelpunum varð ég deildar- og bikarmeistari 2023. Allt á átta árum.“

Sem leikmaður komst Sigurður næst titli árið 2005 þegar ÍBV lék til úrslita á móti Haukum. „Þetta var mikið upp og niður, ÍBV að flakka á milli deilda. Stundum finir, náðum í fjórða sæti í úrvalsdeild en féllum svo næst. Unnum reyndar aðra deildina sex sinnum en eins og Kári Kristján segir, - það telur ekki.“

Það gekk upp og niður svo vægt

sé til orða tekið. „Við fórum á hausinn 2007. Þá kemur Magnús bróðir, formaður ráðsins og segir; - nú verður enginn leikmaður keyptur. Það verða bara heima-þeyjar í liðinu. Það eru örugglega skemmtilegustu tímabil sem ég spilaði, árin 2006 til 2008. Ég hætti sem leikmaður 2013 og við urðum Íslandsmeistarar 2014. Það voru mjög skýr skilaboð til handboltamannsins Sigga Braga,“ segir Sigurður og glottir.

Pabbi gauranna

„Ég var fyrirliði frá 2002 til 2013 með öfluga gaura í kringum mig. Stráka sem ég á bara helling í. Gaurar sem uxu upp með mér og ég eins og pabbinn eða stóri bróðir. Ég hætti og þeir verða Íslandsmeistarar árið eftir. Þeir hafa lengi skotið þessu á mig. Það er til mynd af mér á Hauka-

gólfinu í þessum fræga leik þegar við unnum Hauka og Aggi skorar síðasta markið. Ég ligg bara á gólfinu og græt. Tapsár, að missa af þessu sem leikmaður því ég taldi okkur ekki eiga séns gegn stóru liðunum, Val, FH og Haukum. Svo sjáum við þetta gerast og ég ekki partur af því,“ segir Sigurður sem byrjaði sem þjálfari hjá meistaraflakki karla 2015. Þá sem aðstoðarmaður Gunna Magg en reynslan var til staðar.

Sigurður byrjaði að þjálfra yngri flokkana 17 ára og á stóran hlut í þeim fjölda afreksfólks sem ÍBV hefur komið upp síðustu árin. Þjálfaði krakka í sjöunda flokki og upp í þriðja. „Ég hef prófað alla flórana og er og var mikill félagsmaður. Ég var réttur maður á réttum stað með Arnari Péturs og Gunna Magg. Þeir meira taktískir en ég svona gaurinn í klefanum.“

Hjálpaði til við að ná upp stemningu og baráttu. Fékk strákana til að berjast. Gunnar greinir leikina og ég kem öllum í gang þannig að við virkuðum vel saman.“ segir Sigurður. Hann var með Gunnari 2015 og með Arnari þegar ÍBV liðið vann svo allt sem hægt var með Arnari 2018.

Unnu allt sem í boði var

Gunnar hætti eftir tímabilið 2015 og Sigurður var með Arnari í þrjú ár. „Tímabilið 2018 er það skemmtilegasta sem ég hef upplifað, bæði með kostum þess og göllum. Þar kom upp málið okkar Tedda en við erum ekki óvinir í dag. Vorum saman á sjó í gær. Hann var eitthvað leiðinlegur við mig og ég bara kýldi hann. Ekki eitthvað sem ég er stoltur af en ekki flókið og örugglega gerst í öðrum liðum án þess að það rati í fjölmíðla,“ segir Sigurður en árangurinn var ekkert til að skammast sín fyrir.

„Við unnum allt, komust í undanúrslit í Evrópukeppni, fórum til Ísrael, Hvíta Rússlands, Rússlands, Rúmeníu og Ungverjlands. Mikil ferðalög en svakalegt lið. Af mörgum góðum liðum í handbolta hjá ÍBV er liðið 2018 besta lið sem við höfum nokkurn tímann átt. Sjö landsliðsmenn og gaman hvað hópurinn er enn mjög náinn. Vorum og erum eins og bræður. Arnar, sem getur verið harður var pabbinn og ég stóri bróðirinn.“

Þarna voru Grétar Eypórs og Teddi í hornunum og Róbert Aron, besti handboltamaður Íslands síðustu tólf ár að mati Sigurðar. Sigurbergur Sveinsson, Agnar Smári, Robbi Sig, Andri Heimir, Kári Kristján á línunni,



Sigurður: Ég var réttur maður á réttum stað með Arnari Péturs og Gunna Magg. Þeir meira taktískir en ég svona gaurinn í klefanum.



Sigurður lék í 19 ár með ÍBV en náði aldrei að vinna titil sem leikmaður.

Maggi Stef og í markinu Aron Rafn. Líka strákar sem voru að koma upp, Dagur Arnars, Elliði Snær, Friðrik Hólm, Ágúst Emil og Danni Griffin. Allt miklir keppnismenn segir Sigurðar og á æfingum rifu menn kjaft og slógust.

Hneyksli í vali íþróttafréttamanna

„Inni í klefa datt allt í dúnalogn. Þannig vil ég hafa það, tökum á því og erum svo vinir,“ segir Sigurður um mórallinn í liðinu og þann árangur sem þeir náðu. Í kjölfarið varð mesta hneyksli frá upphafi í vali íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2018. Þar var bæði gengið fram hjá karlaliði ÍBV og Arnari Péturssyni þjálfara. Fundu heldur Íslending sem þjálfari í Svíþjóð og hefur lítið heyrst eða sést til síðan. Lið ársins voru golfarar sem unnu áhugamannamót á Englandi.

Meiri gat svívirðan ekki orðið og síðan hefur sá sem þetta skrifar ekki horft á útsendingu frá afhendingunni. Óskar öllum sem hafa fengið viðurkenningar til hamingju og þakkar þeim sem þó greiddu karlaliði ÍBV í handbolta og Arnari atkvæði. Hinir sitja uppi með skömmina og sýndu að góður árangur er ekki góður nema hann lendi á réttum stað.

Grafið djúpt eftir liði ársins

Sigurður tekur undir þetta og segir mikla pólitík hafa spilað inn í. „Það er pottþétt. Arnar náði besta árangri þjálfara í Íslands-sögunni. Hann vann alla titlana og kom okkur í undanúrslit í Evrópukeppni. Kristján í Svíþjóð er örugglega finnr gaur og hefur gert það gott í Svíþjóð. Það var

líka grafið djúpt eftir liði ársins. Fundu golflandslið sem varð „Evrópumeistari í golfi“ sem er bull og lygi. Þeir tóku þátt í móti úti í Skotlandi, tólf lið alls og fjögur frá Bretlandi en engir atvinnumenn,“ segir Sigurður og heldur áfram.

„Flott mót og þeir unnu en þeir voru ekki besta liðið. Við vorum besta liðið en málið var að við vorum villingar og þeim líkaði ekki við okkur,“ segir Sigurður og nefnir erjur hans og Tedda á tímabilinu. „Það vildu sumir að ég yrði rekinn sem ég skil en við sættumst strax. Ég útskýrði mitt mál en það var okkur ekki til sóma. Var þetta góð auglýsing fyrir ÍBV? Nei. Var ég stoltur af þessu sem pabbi? Nei. Hvorugur saklaus en það tengdist ekki árangri okkar,“ segir Sigurður.

Einfaldlega langbestir

„Við fórum þetta á hörkunni. Vorum einfaldlega langbestir þótt íþróttalaðamenn hafi ekki komið auga á það. Æfðum tvisvar á dag, þvílíkir íþróttamenn og álagið mikið. Við lékum 46 leiki á tímabilinu og það gera ekki fyllibytur. Aginn í ferðum var mikill. Arnar með liðið í skrifstykki, þekkti sína menn og það hefði ekki verið neitt grín að missa menn á pöbbann í Hvíta Rússlandi.“

Þeim var líka nokk sama hvað öðrum liðum fannst um ÍBV. „Við vorum ekki að biðja um eitt eða neitt. Var drullu sama þó FH fílaði okkur ekki og að Haukarnir hötuðu okkur. Þegar við hittum þá í dag er bara gott spjall en þarna vorum við að berjast og takast á. Það var hatuð en það er ekki í dag.“

Tekur við kvennaliði ÍBV

Sigurður Bragson byrjaði með meistaraflokk kvenna í handbolta árið 2018, lið sem varð deildar- og bikarmeistari árið 2023. „Ég byrjaði með Hrafnhildi Skúla sem var með liðið í þrjú ár. Við vorum með mjög flott lið og alveg á mörkunum að vinna en Guðný Jenný, sem þá var landsliðsmarkmaður, meiddist. Sleit krossband korteri fyrir úrslitakeppnina. Andrea hans Gulla Grettis, þá 17 ára stóð þá í markinu en það var of mikið lagt á ungar herðar,“ segir Sigurður sem byrjaði að búa til sinn eigin hóp.

Sunna Jónsdóttir er sú eina af reynsluboltunum sem heldur áfram og Sigurður ákveður að byggja liðið upp á ungum og efni- legum stelpum. „Ég hef séð það í gegnum allan minn feril að þú kaupir ekki árangur, það er ekki hægt. Það verður að byggja lið upp á tveimur eða þremur árum. Ef þú kaupir lið og það klikkar fer allt í rúst.“

Barðist fyrir jafnri stöðu karla og kvenna

Siggi segir mun á því að þjálfar karla og konur og á með því við aðstöðu og umgjörð. „Með mér í stjórn var Davíð Þór sem var að koma úr karlaveldinu, mjög hjálplegur. Ég var nú ekkert mikill áhugamaður um kvennahandboltann nema í gegnum eiginkonuna, Elísu, nokkrum árum áður. Var alveg þar en sá svo hvað þær voru úti í kuldunum hjá félaginu. Fengu minni pening og það segir enginn neitt. Þetta var bara svona en ég breytti þessu,“ segir Sigurður sem fékk, auk Davíðs, Grétar Eypórs í lið með sér.

„Fyrsta málið var, af hverju eiga

stelpur að æfa á verri tímum en strákarirnir? Þetta eru mæður og af hverju eiga þær vera með æfingar seinna á kvöldin? Þessu breyttum við. Þær fengu, sjúkra- og styrktarþjálfara og að fara upp á land degi fyrir leik eins og strákarirnir.

Af þessu er ég stoltastur því þetta var svindl og ósanngirnir. Ekki síst í ljósi þess að í fjárföflunum var þeirra hlutur síst minni. Þau sem ætla sér að ná árangri leggja allt undir. Jafnt konur sem karlar en í allri umfjöllun fá konurnar ekki sömu athygli sem er sorglegt. Ég gerði mitt og barðist á bak við tjöldin,“ segir Sigurður. Hann sér að öðru leyti engan mun á að þjálfar karla og konur.

„Þær eru alveg jafn duglegar og þú getur verið með algjöra aumingja jafnt karla- og kvennamingja en einnig algjöra meistara. Fyrsta árið var árangurinn ekkert til að hrópa húrra fyrir. Sunna Jóns var alger lykilmáður en þeim fjölga þegar Birna Berg bætist í hópinn 2020 og Hrafnhildur Hanna 2021. Ég fékk Pólverjana, Karólínu og Mörtu í markíð sem er stórkostlegur leikmaður. Á markmanni ræðst árangurinn. Sigmar Þröstur var bara bestur eins og Vigdís Sigurðar og Florentina og öllu skiluðu þau titlum,“ segir Sigurður.

Tímamót hjá konunum

„Þú getur verið með mjög gott handboltalið en það nær ekki

árangri nema með góðum markmanni. Það þýðir heldur ekkert að kaupa árangur og skilja svo allt eftir í rúst árið eftir. Það er óábyrgt. Núna erum við á tímamótum. Pólverjarnir að fara, Sunna að fara annað og nýjar stelpur að koma upp.

Góðu fréttirnar eru að Birna Berg, sem var ásamt Sunnu lykilmanneskja hjá okkur í vetur heldur áfram. Átti sennilega sitt besta tímabil í vetur. Hún er sóknarmaður en var líka sterk í vörninni. Hún þarf einhverja með sér og þar kemur Sandra Erlings sterk inn. Það er mikið gleðiefni að hún er að flytja heim frá Þýskalandi. Málið núna er að fá góðan markmann í staðinn fyrir Mörtu.“

Tímabil sem reyndi á alla

Það var í sjálfa sér afrek að meistaraflokkur ÍBV í handbolta náði að halda sér í Ólísdeildinni eftir mjög erfitt tímabil í vetur. Liðið varð fyrir mikilli blóðötku fyrir tímabilið, alls níu stelpur hættu. Marta í markinu er frá í þrjá mánuði og Karólína spilar í tíu sekúndur í fyrsta leik. „Báðar eru frá Póllandi og þangað fórum við í æfingaferð. Þar var Karólína frábær en meiddist í fyrsta leik í deildinni á móti Gróttu og er ekki meira með. Stærsti hluti hópsins er í þriðja flokki og ég verð því strax að skipta um gír. Fara úr þeirri hugsun að berjast um titla og toppsæti í að kenna



Sunna var alger leiðtogi í þessum hópi og íþróttakona með svakalegan metnað og dugnað, segir Sigurður.

og leiðbeina yngri leikmönnum. - Setningar eins og: -Hafið ekki áhyggjur og þetta kemur, voru skilaboðin til leikmanna. Tala öðruvísi og nálgast þær á annan hátt,“ segir Sigurður um síðasta tímabil. Honum til aðstoðar var Hilmar Björgvinsson.

„Sunna Jóns og Birna Berg eru miklar keppnisconur og voru eðlilega ekki sáttar. Reyndust svo ómetanlegar þegar á reyndi. Við

hefðum skítfallið án þeirra. Hrafnhildur Hanna, sem er að glíma við þrálát meiddslí var tilbúin að reyna þegar staðan var hvað erfiðust í janúar og febrúar. Þá töpuðum við 11 leikjum í röð. En því miður gat hún ekki beitt sér.“

Stelpur sem hræddust ekkert

Markmið Sigurðar var að tapa ekki stórt og aldrei að brotna. „Þetta var allt kennsla fyrir hvern



Bikarmeistarar kvenna ÍBV 2023 fagna eftir að hafa lagt Valskonur að velli í úrslitaleiknum í Laugardalshöllinni. Neðsta röð frá vinstri: Bernódía Sigurðardóttir, Herdís Eiríksdóttir, Ingibjörg Olsen, Harpa Valey Gylfadóttir, Sunna Jónsdóttir (Björn Brynjar sonur hennar), Ólöf Maren Bjarnadóttir, Tara Sól Úranusdóttir. Miðröð: Alexandra Viktorsdóttir, Sara Dröfn Richardsdóttir, Hrafnhildur Hanna Prastardóttir, Ásta Björt Júlíusdóttir, Briet Ómarsdóttir, Amelía Einarsdóttir, Harpa Grímsdóttir og Hilmar Ágúst Björnsson (með syni sína tvo). Efsta röð frá vinstri: Bjartey Gylfadóttir, Elísa Elíasdóttir, Marta Wawrzynowska, Birna Berg Haraldsdóttir, Karolina Olszowa, Sandra Dís Sigurðardóttir, Sigurður Bragason, Elías Árni Jónsson og Ester Óskarsdóttir. Mynd Kristjón Orri.



LAGARLÍF
eldi og ræktun

Gríðarleg tækifæri í Íslensku lagareldi

Verðmætasköpun í fiskeldi
stefnir í að verða ein af
stoðum íslensk efnahagslífs

En áskoranir eru
miklar framundan

Um það og fleira verður fjallað á Lagarlífi 2025!



Lagarlíf 2025 verður haldið í Hörpu
dagana 30. september og 1. október

Skráning á www.lagarlif.is

einasta leik og hvert smáatriði og mínúta skiptu máli. Þetta var allt skóli. Ef við gefumst eftir 20 mínútur og liðin keyra yfir okkur græðum við ekki neitt. Að spila í 60 mínútur og gefa allt í leikinn er lærdómur og reynsla sem skilar sér,“ segir Sigurður og sú varð reyndin. Þær ungu stígu upp hver af annarri. Tryggðu ÍBV áframhaldandi setu í eftstu deild og endaðu í skemmtilegum leikjum gegn bikarmeisturum Hauka í úrslitunum.

„Þarna sáum við stelpur sem hræddust ekkert og báru enga virðingu fyrir bikarmeisturum Hauka með sínar sex landsliðskonur. Við vorum með forystu framan af í báðum leikjum en þær höfðu breiddina og Elínu Klöru sem er einfaldlega best í dag. Okkar bestu ungu stelpur, Birnunarnar mínar þrjár, Birna Dís, María, Dögg, Agnes, Ásdís og fleiri munu ná henni eftir þrjú ár,“ segir Sigurður sem nú er að kveðja.

Kveður með söknuði

„Vissulega kveð ég með söknuði. En ég verð að nefna þau tvö sem voru með mér öll árin í kvennaliðinu, Sunnu Jóns og Himma. Sunna sem alger leiðtogi í þessum hópi og íþróttakona með svaklegan metnað og dugnað. Hún var sú sem fyllti mig af orku þegar maður mætti kannski smá þreyttur á æfingar. Himmi er svo alger perla. Frábær þjálfari yngri flokka eins og hann á nú kyn til. Sonur Bjössa Ella sem hefur verið ómetanlegur hjá ÍBV. Starf Himma í kringum yngri kvennaflokka ÍBV er ótrúlegt. Það sýna fjölmargir titlar sem stelpurnar hafa unnið. Ég verð þeim ævinlega þakklátur fyrir frábær ár.“

Sigurður er gott dæmi um leikmann og síðar þjálfara sem fer upp í gegnum gangverkði hjá ÍBV. Sjálfur fékk hann verðugt verkefni þegar hann þjálfaði U-lið ÍBV tímabilið 2017 til 2018. „Í byrjunarliðinu voru Hákon Daði



Sigurður sýnir engan mun á að þjálfar karla og konur. - Þær eru alveg jafn duglegar og þú getur verið með algjöra aumingja jafnt karla- og kvennamingin en einnig algjöra meistara.

Styrmisson atvinnumaður í Þýskalandi, Elliði Snær atvinnumaður og fyrirliði íslenska landsliðsins í dag, Dagur Arnarsson, Gabriel Matinez, Daniel Griffin og Nökkvi Dan Elliðason. Sextán ára þeyjar og meira en góðir í handbolta. Þegar þeir komu upp í meistaraflokk voru þeir 100 prósent klárir. Elliði Snær, þá 17 og 18 ára var frábær í úrslitaeinvíginu við FH 2018 eftir að hafa farið í gegnum þennan skóla.“

Erfitt að tapa ellefu leikjum í röð

Sigurður segir að uppeldisstarf ÍBV sé rosalega vanmetið. „Það megum við ekki missa niður. Ég sé krakka hjá okkur í dag sem geta náð langt og þeim verður að sinna. Hin hliðin er merkið okkar ÍBV sem er öflugasta tákn Vestmannaeyja. Við verðum að bera virðingu fyrir því og hverju öðru og samstaðan, sem er okkar aðalsmerki, verður að haldast. Ef þetta er ekki til staðar molnar

þetta niður. Verðum að styðja alla okkar leikmenn, koma þeim yfir erfiðu kaflana og byggja þá upp. Maður þarf hrós og hvatningu, ekki síst þegar illa gengur en það verður líka að tala um hlutina. Það þekki ég sjálfur,“ segir Sigurður sem fékk á sig mikla gagnrýni þegar sem verst gekk í vetur.

„Ég var hræddur um að falla en ætlaði ekki að skilja við liðið í 2. deild og það tókst. Skil sáttur og nú fær Magnús nánast fullmótadár 11 stelpur og Birnu Berg til að púsla saman liði. Já, ég er að fara. Hef gefið mikið af mér og er orðinn þreyttur. Ég spurði mig oft í vetur, - ertu nógu ferskur í þetta Siggí? Orðinn þungur í hausnum eftir að hafa tapað 11 leikjum. Ég er ennþá þessi geðveiki Siggí og það tók á að sýna þá ró og yfirvegun sem ég beitti í vetur. Þoli þetta illa, á mínar andvökunætur en er ekkert á leiðinni út í Kaplagjótu,“ segir Sigurður og er mikið niðri fyrir.

Sagði nei takk

„Þá var mér bent á af manni sem stendur mér nærri, að ég var bara ekki með betra lið,“ segir Sigurður. „Ég er stoltur af tímabilinu og þeim tíma sem ég hef verið hjá ÍBV. Ég sé þessi andlit fyrir mér, fólk sem ég hef unnið með, ráðsmenn, stuðningsfólk og ekki síst leikmenn. Ég er búinn að gefa 31 ár af minni ævi í þetta. Ég neitaði launuðum samningum þegar ég var hvað bestur 2007. Stjórnin vildi bjóða mér samning. Spurði hvað fæ ég? Þeir buðu eina og hálfa milljón fyrir tímabilið. Ég spyr. Hvað fær Grétar? Ekkert. Þá vil ég ekkert. Annað hvort erum við allir jafnir eða ekki.“

Mörgum fannst þetta skrítið en handboltinn barðist í bókum og allt var gert til að halda honum gangandi. Þar lá Sigurður ekki á

sínu. „Við fórum beint úr löndun úr Hugin í leik og að brasa í næstu fjóröflunum. Af hverju á Magnús bróðir að selja kleinur og ég að fá eina og hálfa milljón? Er það ekki ósanngjarnt? Eigum við ekki frekar taka þennan pening og fá útlending? Þá getum við allir orðið betri. Þetta er alveg sönn saga en svona er ég mikill ÍBV-ari. Gef mig allan í þetta og þetta er lífið. Ég klökna þegar ég tala um þetta. Vonandi kem ég aftur en ég fer út með söknuði. Held ég sé búinn að gera margt gott og meira en það,“ segir Sigurður Bragason og tárin renna.

Höldum í gildin

„Á þessum árum hefur margt breyst og það sem hefur einkennt okkur í íþróttum er að mínu mati á undanhaldi. Ákveðin gildi eru á undanhaldi hjá ÍBV og í Vestmannaeyjum. Eitthvað sem lítið er talað um. Við erum orðin alltof peningavædd og allt orðið svo dýrt að það hræðir fólk. Það vill ekki koma að starfinu og skuldbinda handbolta eða fótbolta um 150 milljónir króna eða meira. Ætla svo að selja klósettpappír til að bjarga málunum,“ segir Sigurður og horfir til gömlu daganna. „Það vantar stemninguna sem ríkti á meðan Þór og Týr voru og hétu. Þessi nánd og væntumþykja, dugnaður og stundum hatr en einnig virðing. Líka hjálpssemi eins og þegar eitthvað klikkaði kom fólk frá hinu félaginu til að bjarga hlutunum. Ef fauk allt á fimmtudegi fyrir þjóðhátíð kom hitt félagið og bjargaði. - Við reddum þessu og haldið svo kjafti. Fengu sér svo í glas á bak við gluggatjöld. Vináttan í fyrsta sæti og á eftir komu Þór og Týr. Mikill metnaður, dugnaður og við bjuggum til besta íþróttafólks á Íslandi,“ segir Sigurður að endingu.



Birna Berg átti sennilega sitt besta tímabil í vetur. Hún er sóknarmaður en var líka sterk í vörninni, að mati Sigurðar.

Við sendum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur í tilefni
sjómannadagsins.



*Bestu árnaðaróskir og kveðjur til sjómanna
og Vestmannaeyinga á sjómannadaginn!*



Netaveiðar fyrr á tímum og nú

Gæði fisks látin ráða en ekki tonnafjöldinn

ÓSKAR PÉTUR
FRIDRIKSSON

Þegar ég var drengur fór ég oft á sjó með pabba, Friðriki Ásmundssyni. Hann var oftast með báta sem Fiskiðjan átti. Ég fór á sjó þegar veitt var á línu, net og líka á trolli, ég man eftir því að ég fór með honum á Reyni VE 15 og það var veidd síld í nótt. Fyrir utan Reyni fór ég með pabba á Sindra VE 203 á línu og troll, á Mars VE 204 fór ég með á línu, net og troll.

Þessir vertíðarbátar byrjuðu vertíðina yfirleitt á línu og fór ég oft með í línuróður strax eftir áramót. Man vel eftir túr á Sindra suðvestur af Surti þar sem við fengum 8 tonn af skötu. Þeir höfðu fengið 7 tonn af skötu deginum áður á sömu slóðum. Línan var beitt í landi, lögð síðla nætur og dregin eftir að hafa legið í sjónum í um tvær klukkustundir. Síðar reri ég með Þórði Rafni Sigurðssyni á Ölduljóni VE 130 á línu. Við fiskuðum í bátinn norðaustur af landinu og línan beitt um borð. Veiðskapurinn var að mestu eins og á Sindra VE 203 nokkrum



Um borð í Sindra VE 203. Myndin sýnir vel hvernig karlarnir þurftu að beygja sig eftir hverjum fiski sem blóðgaður var eða gert að. Mynd Friðrik Ásmundsson.

árum áður, Ölduljónið var samt nýlegt skip og betur fór um alla um borð en á gömlu trébátunum.

Fiskuðu eins og þeir gátu

Um miðjan febrúar var skipt yfir á net og hætt með línuna, beitningakallarnir komu um borð og þar var vinnustaður þeirra fram á vertíðarlok. Netin voru yfirleitt lögð á Klöppina sem er um 20 sjómílur vestur af Heimaey, um tveggja tíma stím. Hver bátur með 12 til 13, tólf neta trossur og þetta var aðalveiðisvæði netabátanna á sjöunda og byrjun áttunda áratuga síðustu aldar. Menn fiskuðu eins og þeir gátu á þessum árum og þegar búið var að draga hverja trossu var hún lögð aftur til þess að hún færi að fiska strax.


Bátarnir höfðu veifur á baujunum til þess að menn vissu hver ætti hverja trossu. Mars VE 204 var með rauðan tígul á gulri veifu, auk þess voru menn með litaða veifu fyrir ofan þá veifu, rauða, græna eða blá o.s.frv. til að vita hvaða trossa það væri sem búið var að draga.

Vinnulag sem ekki þekkist í dag

Einn kall var á rúllunni og annar á línuspilinu, tveir í garðinum að gera trossuna klára til lagningar aftur. Þegar trossan var lögð þurfi að taka upp hvern stein á steinateininum. Henda honum



Sindri VE leggur af stað í netaróður og Friðrik Ásmundsson á brúarvængnum. Mynd Óskar Pétur



Trossa lögð. Karlarnir á garðinum þurftu að henda út hverjum einsta netasteini. Vinnubrögð sem þekkjast ekki í dag. Mynd Friðrik Ásmundsson.

yfir lunninguna á bátunum og það voru margir steinar á hverri trossu. Restin af köllunum sá um að greiða fiskinn úr netunum á netaborðinu.

Þegar trossan var dregin og fiskurinn greiddur úr netinu fór hann beint á dekkið þar sem hann safnaðist upp á meðan netadrætti stóð. Síðan þurftu sjómennirnir að beygja sig eftir hverjum fiski, blóðga og láta hann beint í lestina. Óþrifinn og óaðgerðan og enginn ís til að kæla aflann. Kapp var lagt á að draga netin á sem skemmst um tíma og t.a.m. fóru menn niður í borðsal eða lúkar til að borða, einn eða tveir í einu til að ekki þyrfti að stoppa netadráttinn.



Stavur Guðnason sonur Guðna vélstjóra fékk að fara með í þessum túr. Þórarinn Torfason stýrimaður í andófinu. Mynd Friðrik Ásmundsson.



Fiskurinn greiddur úr netunum í skjóli fyrir sjó og vindi. Mynd ÓPF.



Um borð í Mars VE. Netin dregin eftir netaborðinu og fiskurinn greiddur úr með tilheyrandi goggum. Mynd Friðrik Ásmundsson.


Kalsamt á heimstíminu

Endurnýja þurfti ónýt net, taka þau úr trossunni og setja ný í staðinn. Á landleiðinni voru menn á dekki að afsteina og taka flotin af og setja á ný net til að hafa þau tilbúin þegar á þyrfti að halda. Þetta var gert hvernig sem viðraði á þessum opnu vertíðarbatum. Oft hálf ömurlegt þegar pusaði yfir bátinn, frost og ekkert skjól. Á þessum árum voru netin alltaf lögð aftur þó að spáin væri slæm næsta dag. Reynt að fara á sjó þó veður væru slæm. Aðeins í verstu brælum sem menn lágu í landi. Þá varð fiskurinn sjálfdaður í net-

unum og tveggja náttu þegar næst var róið. Dauðblóðgaður fiskur sem var að sjálfsgöðu ekki eins gott hráefni og lifandi blóðgaður fiskur.

Bátarnir fóru á sjó um kl. fjögur til fimm ná morgnana og komu aftur að landi frá níu til tíu á kvöldin. Þá átti eftir að landa aflanum. Oft kom það fyrir að bátar fengu ekki löndun strax, þar sem vörubíla vantaði og varð að bíða efir að vörubíll losnaði og löndun gat byrjað.

Eftir vertíð var sá sem fiskaði mest í tonnum talið verðlaunaður á sjómannadaginn og kallaður



Einn er við grindurnar aftan á Kap og sér hann um að leggja netin niður í þær. Mynd ÓPF.



Ísað yfir fiskinn í lestinni eftir að búið er að gera að honum og þrifa. Mynd ÓPF.

Fiskikóngur. Ég upplifði þetta sjálfur þegar ég fór með pabba á sjó til að fylgjast með veiðiskapnum og eins þegar ég var með Þórði á Ölduljóni VE 130 netavertíðina 1981.

Nútíminn

Í dag er þetta töluvert breytt frá því sem áður var. Nú er ekki keppt við að veiða sem flest tonn heldur er reynt að ná í sem best hráefni. Gæði umfram mikið fiskirí. Annað sem breyst hefur, er að nú aðeins einn bátur gerður út á netaveiðar héðan frá Eyjum. Kap VE 4 en áður var fjöldi netabáta í Vestmannaeyjum talinn í tugum.

Ég fór með strákunum á Kap VE 4 í byrjun apríl til að mynda þá og fylgjast með vinnuaðferðum og veiðum. Eins og í gamla daga voru netin á Klöppinni eða Eyjólfsklöpp. Við fórum út kl. fimm um morguninn og byrjað var að draga netin um klukkan sjö. Strax varð ljóst að veiðin yrði góð þennan dag og sá guli í aðalhlutverki.

Gjörbreytt vinnubrögð

Kap er að sjálfsögðu yfirbyggð og því eru menn í mun betri aðstöðu en fyrr á árum, ekki vindur og sjóskvettur eins og áður. Þegar búið er að geiða fiskinn úr netinu fer hann á færiband sem fer með fiskinn í móttökuna. Við móttökuuna eru aðgerðarborð sem menn standa við og fiskurinn kemur beint úr móttökunni. Ekki þarf að beygja sig eftir fisknum. Tveir til þrír karlar voru að staðaldri í aðgerð og fiskurinn fór beint í þvottakarið, hrogn og lifur fóru sína leið þangað sem gengið var frá því í lestinni.

Einn var í lestinni meðan neta-dráttur var þar sem hann gekk frá aflanum í kör og ísaði strax yfir fiskinn. Einn er á rúllunni og glu-



Kap II VE 7 var smíðuð í Stálvík árið 1967 og hét upphaflega Óskar Magnússon AK 177. Hún er eini netabáturinn sem gerður er út frá Vestmannaeyjum.

ssadrifinn dráttarkall á línuspilinu. Einn kall er við grindurnar aftan á Kap og sér hann um að leggja netin niður í sérstakar grindur og setja í ný net ef þarf. Fjórir karlar eru að greiða fiskinn úr netunum á netaborðinu.

Þegar hádegismaturinn er tilbúinn fara allir niður í borðsal og borða matinn sinn ólíkt því sem áður var þegar einn og einn fór að borða. Menn geta líka fengið sér smá kaffisopa á milli trossa þegar þannig stendur á.

Þegar búið er að draga trossurnar eru allar lagðar aftur. Er það gert til að ná sem ferskustum fiski og sem bestu hráefni. Ekki bara hugsað um að tonna sig sem mest. Það verður samt að viðurkennast að það er óneitanlega gaman

þegar vel fiskast eins og var þennan dag. Ef veðurspá er slæm næsta dag eru netin ekki lögð, heldur farið út og þau lögð þegar spáin er aftur orðin góð.

Kap lagðist að bryggju kl. 22.15 og um borð voru 154 kör af góðum fiski, mest þorskur en 36 kör af ufsa. Langur vinnudagur að kveldi kominn og stutt í að lagt yrði af stað í næsta túr sem var

daginn eftir. Núna var löndunargengið mætt og sá um að landa úr skipinu þeim afla sem fiskaðist þennan dag. Skipverjar á Kap gátu því farið beint í koju og sofði þar til farið var á sjó næsta dag.

Ég vil þakka Kristgeiri Arnari skipstjóra og skipshöfn hans fyrir góðan og skemmtilegan netatúr á Kap VE 4, á netavertíðinni 2025,



Óskar Pétur þakkar Kristgeiri Arnari skipstjóra og skipshöfn hans fyrir góðan og skemmtilegan netatúr á netavertíðinni 2025.

**SKIPASÝN**
ICELANDIC



- Með afkastagetu að leiðarljósi

Verkfræðistofan Skipasýn ehf.
Grandagarður 14 - 101 Reykjavík - sími 5619595 - www.skipasyn.is

Sjómanna dagurinn 2025

Sjómenn til hamingju!

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómanna daginn*

VÉLAVERKSTÆÐIÐ
PÓR EHF



Fjölskyldan með börnunum, barnabörnum og tengdamömmu. Margrét Ósk lögfræðingur, börn Aron Páll, Gunnar Wilhelm, Margrét Wilhelm, Unndís Ósk kennari gift Gunnari Kristjánssyni Eyjamanni. Börn Sæmundur Guðni, Mathías Breki, Guðbjörg Salka og vantar Jón Gísla. Ægir Óskar vélfræðingur, maki Andra Grímsdóttir, börn Anita Ósk, Grímur Örn, Elísabet Sara, Haberg Óskar vélfræðingur. Tengdamamma Guðrún Sæmundsdóttir, Gunnar Egilsson og Sæunn Lúðvíksdóttir.

Gunnar Egilsson og Sæunn Lúðvíksdóttir ≡ Sögur af sjó og pólferðum þar sem Gunni var kerlingin í 11 ár

ÁSMUNDUR FRÍÐRIKSSON

Í hvert sinn sem ég stoppa til að fá mér kaffi á verkstæði Icecool í Gagnheiðinni á Selfossi er tekið hressilega á móti manni, þar er töluð íslenska og það er töggur í mannskapnum. Þarna birtast manni hestöfl og kraftur hugans í öflugum rekstri og næmri þekkingu til að leiða afl vélarinnar út í hjöruliðina. Láta gangverkið og hjólin snúast og

koma farartækinu þangað sem hugurinn girnist, jafnvel í slóð pólfaranna á Suðurskautið.

Þetta kunna þau hjónin Gunnar Egilsson og Sæunn Lúðvíksdóttir sem bæði eru sjómenn að upplagi og þekkja því úfið haf og krappar öldur lífsdansins. Þær hafa verið sigraðar hver af annarri, eins og sandöldurnar sem þau spændu upp í sæti ökumanns í búri torfærubílsins Cool og kölluðu öll hestöflin til starfa með því að stíga bensínið í botn. Þau höfðu endalausa þörf fyrir útrás kraftmikilla hugmynda og leitandi hugsun

að nýjum ævintýrum.

Reynslan úr torfærunni kom sér vel þegar þau fóru yfir Suðurspólinn, á bíl sem Gunnar smíðaði og hraðametið á Pólinn slegið svo hressilega að Roald Amundsen snéri sér beingaddaður við í grófinni.

Í þessu viðtali er stórmerklelegu lífshlaupi ævintýrahjónanna Gunnars og Sæunnar gerð nokkur skil og enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Gunnar Egilsson er fæddur árið 1957 á Heiðarvegi 1, á Selfossi og alinn þar upp til 8 ára aldurs, en þá fluttist fjölskyldan að Rauðholti 11.

Foreldrar hans voru Egill Guðjónsson bílstjóri frá Berjanesi í Landeyjum og Guðrún Pálsdóttir frá Litlu Reykjum í Flóa, af Hurðarbaksætt. Gunnar er sjötti níu systkina, þeir eru fimm bræðurnir og systurnar eru fjórar.

Sæunn Lúðvíksdóttir er Akurnesingur, dóttir Lúðvíks Jónssonar frá Ársól á Akranesi og Guðrúnar Sæmundsdóttur, Reykvíkingur með tengsl við Snæbýli í Skaftártungu. Sæunn á 4 bræður og þrjár systur og er næst yngst fædd árið 1961.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR



**Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn**

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum
starfsfólks í sjávarútvegi

www.sjomannaheilsa.is

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*

HÚS
Fasteignasala
VESTMANNAEYJUM

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum
bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



EYJABLIKK
Blikk og stál er okkar mál

Hugurinn stefndi snemma á sjóinn

Foreldrar mínir voru frumbyggjar á Selfossi þegar þau byrjuðu að búa þar árið 1947 og gáfu ekkert eftir í fjölgun íbúa í þorpinu með sínum níu börnum. Mamma var því heimavinnandi að hugsa um allan skarann, húsmóðir upp á gamla móðinn en gerðist póstur þegar börnin voru hlaupin úr húsi. Þannig þaut lífið áfram og þegar ég var um miðjan aldur sat ég 12 ár sem bæjarfulltrúi í Árborg og oddviti bæjarstjórnar í 8 ár og á þeim tíma var íbúafjöldinn kominn í 10 þúsund manns. Hjá bæn- um hélt ég hart utan um budduna og okkur gekk vel, fórum okkur hægt í álögur á íbúana en snerum rekstri sveitarfélagsins til betri vegar og ég gekk sáttur frá borði í pólitíkinni, þó kveðjan væri köld í lokin frá félögum mínum.

Ég gekk hefðbundinn menntaveg á Selfossi og var í sveit á sumrin hjá öfum mínum og ömmum í Berjanesi og á Litlu Reykjum. Ég var 16 ára gamall þegar ég fór fyrst til sjós frá Þorlákshöfn með Sigurði Bjarnasyni á Sturlaugi, sem var gamla Drífan og þetta sumarúthald vorum við á trolli. Ég vann svo við að smíða Sjúkra- húsið á Selfossi hjá Púsa Kristins, en sjórinn kallaði á mig og er fljótlega kominn um borð í Jón Helgason, og var þar kokkur eina netavertíð með Sigurði Jónssyni. Næsta skipspláss var hjá Henning Fredriksen á Stokkseyri, hann var með Njörð, og þaðan lá leiðin um borð í Árna Magnússon, en við vorum á netum og skiptum yfir á spærting um sumarið og lönduð- um þá í gúanóid í Eyjum. Í einu helgarfríinu þetta sumar kem ég heim á Rauðholtið, sest í eldhúsið og fæ mér kaffisopa með þeim gamla. Þarna við eldhúsbörðið segir pabbi mér frá því að hann sé búinn að skrá mig í Stýrimanna- skólann í Vestmannaeyjum. Ég hváði yfir þessu en þá bætti hann við, þú ert 18 ára og þú átt að mæta í skólann 1. október og ekk- ert múður. Framtíð mín var ráðin næstu árin.

Stýrimannaskólinn

Ég var borubrattur þegar ég mætti til Eyja um haustið með fullt rass- gat af peningum inn á bók eftir fina afkomu á sjónum. Það er hollt fyrir unga fólkið að heyra það að þá varð maður að fjármagna námið sitt sjálfur og ég tók því alvarlega eins og félagar mínir í skólanum. Við vorum á heimavist á Heiðarvegi 1, sem kölluð var Heimir og við vorum samtaka peyjar. Við elduðum sjálfir ofan í okkur, skiptumst á viku og viku,



Gunnar á suðurpólnum.

tveir saman og fórum á bryggjuna á kvöldin og sníktum í soðið hjá körlunum sem voru að landa. Svo unnum við aukavinnu, vorum eftirsóttir í mjölútskipanir sem vel var greitt fyrir í akkorðsvinnu og í aðgerð í Nöf hjá Óskari Matt þegar landburður var af fiski á vertíðinn.

Um vorið þegar við kláruðum 1. stigið átti ég enn allan peninginn inn á bókinni sem ég kom með stútfulla um haustið. Ráðdeild var mér í brjóst borin og það hefur verið mín regla, heima, í rekstrin- um og hjá bæjarsjóði að halda fast um budduna.

En það var ekki eins og við hefð- um lifað einhverju meinlæta lífi í Eyjum. Böll allar helgar í Höllinni og við tókum oft á því. Þá var slegist eftir böll, menn fóru hrein- lega heim, skiptu um föt og mættu í vinnugallanum og létu hendur skipta. Sjaldan höfðu slík handa- lög mála eftirmála og afleiðingarnar kannski eitt glóðurauga, en menn gengu saman öxl í öxl heim á leið eftir snörp átökin.

Svona var lífið vagg og velta og við tókum sannarlega þátt í því peyjarnir á vistinni og héldum partí eftir böll. Þá var stemning á Heimi og strákarnir úr Vélskólan- um fóru þá með okkur út í vélasal um hánótt og allar vélar gangset- tar og talið barst að stimplum og kúplingum. Þetta var góður tími og gott að vera í skólanum hjá Friðriki Ásmundssyni skólastjóra og úrvals kennaraliði sem þar var, allt topp menn eins og Sigurgeir Jónsson og bræðurnir Gísli og Snorri Óskarssynir.

Í Eyjum byrjaði ég að stunda köfun, lærði mikið og hafði mjög gaman af og gerði töluvert af því og kafaði aðalega í Klettsvík- inni, í briminu við Prestavík og úti í Klauf. Við vorum harð- snúinn hópur saman í skólanum og brölluðum margt, ég Sævar Sveinsson, Bokki Laxfoss, Yngvi Sigurgeirs, Siggi í London, Siggi Þór og fleiri. Við vorum að kafa í Klaufinni þegar við fengum þá hugmynd að fara út í Surtsey og safna saman reka, floti, belgjum

og baujum sem þar ráku á land og við gátum gert okkur pening úr. Við vorum að safna fyrir vorslúttinu og það var ágætt að safna saman þessum verðmætum og selja útgerðinni í Eyjum sem greiddi sanngjarnt verð fyrir. Við vorum á lítilli tuðru og það var lítið um öryggistæki um borð, engin björgunarbelti eða fjar- skiptatæki.

Þegar við komum út að Surtsey er ládaður sjór og við áttum auðvelt með að komast í land. Við fórum um fjöruna og söfnuðum saman í stóra hönk, floti og belgj- um sem við settum í stroffu og vorum með langan spotta sem við ætluðum að draga gössið á eftir okkur til Eyja. Þegar við erum að gera okkur klára til brottfarar er komin töluverð ygla við eyjuna og krappar öldur.

Við þurftum því að hanga utan á tuðrunni til að komast henni út fyrir brimgarðinn og það var ekki áhættulaust í þessum erfiðu aðstæðum. Allt hafðist það að lokum og við setjum sleftógið fast í tuðruna og byrjum að draga hönkina en þá slitnaði sleftógið. Það varð úr að sigla langa leið aft- ur til Eyja, sækja sterkari línu og ég sótti og fór í kafarabúninginn þar sem aðstæður voru orðnar tvísýnar við eyna. Þegar við erum komnir aftur út að Surti er komin skitabræla og þetta leit ekki vel út. Ég varð því að láta mig vaða í sjó- inn og synda í gegnum brimskafl- ana og náði þannig í land með spottann bundinn í mig. Þegar ég var búinn að setja allt fast synti ég til baka út í tuðruna og við drög- um allt draslið í gegnum öldurnar og í land og fengum að lokum fínan pening fyrir og skemmtum okkur konunglega á vorslúttinu. Það var svona sem menn björguðu sér í gamla daga, létu verkin tala og gerðu hlutina sjálfir því það var enginn annar sem gat staðið undir kostnaðinum en við sjálfir.

Fyrsta stýrimannsplássíð

Um vorið fór ég um borð í Öldu- ljónið hjá Sigurði Jónssyni, en Sigurður Þórðarson í Eyjaberg var útgerðarmaðurinn og fiskverk- andi. Við erum að sækja bátinn til Reykjavíkur, Siggi Þórðar var gamall skipstjóri og honum leyst passlega á þennan litla 18 ára peyjagutta sem varla náði upp fyr- ir rattið og undrast það að ég hafi verið ráðinn stýrimaður. Þegar við lögðum í ann frá Reykjavík er karlinn er með mér uppi í brú og talar við mig alla leiðina út Faxaflóa og fyrir Reykjanesið. Ég tek eftir því þegar við erum

komnir fyrir Röstina og ég tek stefnuna á Eyjar að sjálfstýringin er hætt að virka. Ég læt mér hvergi bregða, held bara áfram að tala við Sigga og tek í rattið og stýri eftir kompásnum með rattinu en það kunni ég ágætlega. Það var suðvestan kæla og veltingur og vont að hafa ekki sjálfstýringuna á svo ég bið karlinn að fara niður og segja vélstjóranum að stýrisdælan hafði slegið út. Já fyrirgefðu, ég hef líklega rekið mig í takkann og slökkt á dælunni, segir Siggí þá. Þarna var hann að reyna mig karlinn og vildi sjá hvernig ég brygðist við því að sjálfstýringin dytti út, en ég var alvanur að stýra með rattinu á þeim bátapungum sem ég hafði áður verið á.

Við vorum á trolli þetta sumar og okkur gekk mjög vel. Lönduðum í Eyjaberg og vorum mikið að veiðum austur við Ingólfshöfða og fengum mikið af ufsa þar. Þrátt fyrir mikla ábyrgð að vera stýrimaður var ég enn blautur á bak við eyrun, en mér gekk helvíti vel að fiska. Fékk þarna gott tækifæri til að æfa mig og ná í reynslu, karlinn fór í koju um miðnætti og kom ekki upp fyrr en 10 á morgnanna.

Ég varð að treysta á sjálfan mig alla nóttina, taka trollið, fara



Þarna sigla tveir bátar kappsiglingu til löndunar í Reykjavíkurböfn, Árni Magnússon og Surtsey, drekkhlaðnir af loðnu. Gunnar var á tímabili skipstjóri á báðum þessum bátum.

vel með áhöfn og bát og ákveða hvað ætti að kasta næst. Þetta var auðvitað draumur að rætast og þetta gekk allt upp hjá mér, lagði inn á reynslubankann og banka-bókina fyrir námið næsta vetur.

Við vorum að klára einn túrinn austur að Höfða og ég ákvað í bríarí á heimleiðinni að kasta út af Skarðsfjöru, og viti menn, eftir stutt tog voru 5 tonn af stórskötu í trollinu, ég lét það fara aftur og þá fengum við 3 tonn, en svo ekki söguna meir og líklega kláraði ég stofninn á svæðinu. Á þessum árum var ekki merkilegt verð fyrir skötuna, það var greitt 1 kr. fyrir kílóíð eða það sama og fyrir bein í guánó, í dag er skata verðmætari en gull.

Samdráttur á vistinni

Við Sæunn vorum að draga okkur saman á þessum árum, ég fer í 2. stig í Stýrimannaskólanum um haustið 1977 og þegar ég fer til Eyja eftir áramótin kemur hún með mér og býr hjá mér á vistinni um veturinn. Hún fór að vinna hjá Óskari Matt í Nöf og úr varð mikill vinafundur, en um vorið fluttum við í Áshamarinn og bjuggum þar í 2 ár.

Þegar ég klára um vorið þá fer ég sem stýrimaður hjá Matta á Bylgjunni og leysi í fyrsta skipti af sem skipstjóri, þá 19 ára gamall. Björgvin Pálsson var vélstjóri og þarna var líka Ægír Ármannsson, hæglátur og góður maður sem var með mér í skólanum.

Við fiskuðum ágætlega, en þó Matti hafi töluvert verið fyrir innan þá gerði ég það ekki og sá aldrei árangur af því. Eftir þetta fer ég á Vestmannaey með Eyjólf Péturssyni sem háseti og leysi af sem 2. stýrimaður. Um borð í Vestmannaey voru miklir snillingar, Birgir Sverrisson sem enn er tengdur þeirri útgerð, Guðmundur Alfredsson og Sverrir Guðlaugsson og margir aðrir í frábærri áhöfn og mér líkaði mjög vel þarna um borð. Þetta var góð útgerð og Eyjólfur alvöru karl,

lét hlutina ganga og var ekki með neitt kjaftæði. Ég kunni því reyndar alveg sérstaklega vel að vera með Eyfa sem var frábær skipstjóri og félagi. Seinna var hann skipstjóri hjá mér á Páli í stuttan tíma.

Í útilegu á línu og siglingu

Siggí Þórðar hafði trölltrú á mér og vildi fá mig aftur um borð í Ölduljónið, ég hafði rótfiskað sem stýrimaður og stóðst prófið þegar hann slökkti á sjálfstýringunni. Mér líkaði vel við karlinn en nú lét ég hann plata mig til að fara í útilegu á línu, fiska í og sigla með aflann. Það var nú ljóta ógeðið að láta plata sig í þetta helvíti, þetta var í eina skiptið sem ég fór á línu og gerði það aldrei aftur.

Um borð voru nokkrir Vestfirðingar sem beittu línuna í bakborðsganginum, þeir byrjuðu eftir morgunmat á morgnanna og beittu fram undir kvöldmat. Þá fóru þeir bara í koju, en við vorum 4 karlar sem gerðum allt á dekkinu, drógum línuna, gengum frá aflanum og lögðum á kvöldin. Þetta var algjört helvíti, fjórir karlar á dekki en það lagaðist aðeins þegar við fengum aukamann á dekkið. En þetta voru langir og strangir dagar og svo tók baujuvaktin við hjá mér þegar strákarnir fóru niður í koju. Ég held að ég hafi aldrei náð meiri svefni en 3 til 4 tíma á sólarhring sem var helvíti lítið dag eftir dag, en það var enginn að pæla í því. Þetta lið í landi sem talar ekki um annað en vinnustyttingu, kaffitíma og orlof ætti að prófa einn útilegutúr á línu!

Ég hafði áður verið með að fiska í, þá vorum við á trolli á Bylgjunni og sigldum á England. Komum við í Aberdeen og seldum í Hull og tókum bátinn að lokum í slipp í Newcastle og vorum



þar í tvær vikur. Þarna lágu tugir togara sem voru aðgerðarlausir eftir að Íslandsmiðum var lokað með útfærslu landhelginnar og við fengum að finna fyrir því Íslendingarnir þegar við kíktum á pöbbann. Atvinnuleysi sjómanna og fiskverkafólks var tilfinnanlegt og sjávarplássin þar blæddu eins og núna á Íslandi þegar kvóttinn fer annað.

Ég var líka í afleysingum með Sævari Brynjólfssyni og Hermann Kristjánssyni á Breka, sem var alveg ótrúlega gott sjóskip. Maður fór bara í smekkbuxurnar upp á dekk en stóð þá á öndinni vegna brælu, það fannst ekki fyrir sjó á þessu frábæra skipi sem ég held að við höfum alltaf komið með fullt skip uppí lúgu að landi. En á þessum tíma byrjaði einmitt blálönguævintýrið vestur úr Surtinum og sló öll met, en Eyfi á Vestmannaey fann þessi mið. Við vorum að taka 20 tonn í hali, móttakan var fyllt og meðan við gerðum að var trollið aftur komið fullt í rennuna. Það var ekki mikið sofið í svona fiskirí, en þessi tími var algjört ævintýri og gleymist seint. Í áhöfninni var Einar Magnússon tengdasonur Sævars, góður og skemmtilegur maður, Páll Sigurgeirsson eða Palli á Baugstöðum sem var vélstjóri, það var gaman að vera um borð í þessu góða sjóskipi með samstilltri áhöfn.



Gunnar var aðeins 19 ára þegar hann varð skipstjóri á Árna Magnússyni og byrjaði ferilinn með stæl.

Björguðum mönnum af Ver
Bræðurnir Sigfús og Þórður Markússynir frændur mínir frá Eyrarbakka áttu Bakkavíkina og ég er með þeim eina vertíð og þar gerðist atburður sem situr alltaf í mér. Við erum austur á milli hrauna og það er komin skíta bræla og við erum að hífa trollið og taka það inn fyrir. Kokkurinn fer að segja okkur frá draumi sem hann hafði verið að dreyma.

„Djöfull er það skritinn draumur sem mig dreymdi í nótt.“ Eða þegar ég svaf segir hann, það rann saman dagur og nótt á þessum árum. „Það var svoleiðis að ég dreymi kött að eltað við tvær mýs og hann var að leika sér að þeim og það endar með því að ég hendi kettinum í burtu og bjarga músunum.“ Þetta var einkennilegur draumur en streðið á dekkinu, bræla og þú tóku yfir hugsanir okkar og draumurinn hvarf með næstu skvettu yfir dekkið.

Við erum að taka inn hlerana og einhverir byrjaðir að gera að á dekkinu þegar Eyjabáturinn Ver siglir fram hjá okkur. Þar um borð er sama atíð, koma sér í land áður en hann brælir meira og við sjáum strákana á dekkinu blóðga niður aflann og við veifum þeim í kveðjuskyni. Þegar við erum búnir að ganga frá trollinu og gera klárt fyrir stým til Eyja keyrum við í land. Það var bullandi lens og veltingur og það leið ekki á löngu þar til að ég sé kúlu með ljósi á toppnum rétt austan við Bjarnaey, þetta var björgunarbátur á reki. Við erum allir á dekki og ég legg bátinum að björgunarbátinum og kalla út í myrkrið og spyr hvort einhver sé þarna, og ég gleymi því aldrei hvað það var rosalega óþægilegt að fá svar á móti. Þá eru tveir menn um borð í bátinum sem við kippum um borð til okkar. Þarna var brak um allan sjó, fjalir að fljóta upp og innan um brakið náðum við líki eins skipverjans sem ekki hafði náð í björgunarbátinn.

Skipbrotsmennirnir sem við höfðum bjargað voru svo kaldir og skulfu svo mikið að þeir gátu ekki talað. Þarna kom skyndi-hjálpin sem við lærðum í Stýri-mannaskólanum sér vel, við áttum að hita kalda líkama þeirra innan frá og við hjálpuðum þeim niður

í lúkar og gáfum þeim kaffi. Þeir hresstust og þá fóru þeir að segja okkur hvað hafði komið fyrir. Bátinum hvolfi og fangalínan á björgunarbátinum var ekki bundin við rekkverkið, þeir henda bátinum út og báturinn fór bara frá þeim. Þeir komust í hinn bátinn með því að ganga eftir síðunni á bátinum sem lá á hliðinni og komust þannig í björgunarbátinn. Það var svo mikið fát og læti meðan á þessu stóð og ungi maðurinn sem var með karlinum náði að toga í spottann og blása upp bátinn og draga skipstjóran með sér inn í bátinn og bjarga lífi hans.

19 ára skipstjóri

Mér er um vorið boðið að koma um borð í Árna Magnússon sem stýrimaður hjá Henning Fríðriksen, en báturinn var í eigu Hraðfrystihúss Stokkseyrar. Þegar þarna er komið sögu var ég orðinn nokkuð reyndur sjómaður, hafði verið háseti, kokkur, annar vélstjóri, vélstjóri og svo stýrimaður og því klár í flestan sjó. Planíð var að fara á haukalóð sem er svakalega spennandi veiðiskapur þegar stórlúða er dregin úr sjó fiskuðum ágætlega og vorum mest út af Kötlutanga. Það varð að gæta þess að láta lóðin ekki liggja of lengi því þá kom hákarlinn og át af línunni og þá fengum við hálfklipptar lúður um borð eftir kvikindið.

Ég er ekki búinn að vera lengi um borð þegar Henning hættir, hann fór í útgerð og kaupir Hástein. Þarna stend ég í brúnni rétt rúmlega 19 ára gamall og er ráðinn skipstjóri á þessu myndarlega fiskiskipi. Þetta var tækifæri lífs míns að vera treyst sem skipstjóri hjá góðri útgerð og fá svona góðan bát til að sanna hvað í mér bjó. Ég held áfram nokkra túra á lúðunni, en tek svo ákvörðun



„Þann 1. mars fórst v/b Ver VE 200 austan við Vestmannaeyjar, og fórust með honum fjórir menn, tveir menn björguðust.“

Ver VE 200 átti eftir tvær mílur ófarnar að Bjarnaey þegar báturinn fékk á sig hnút sem lagði hann á hliðina, skipstjórinn reyndi fyrst að keyra bátinn upp en þegar hann rétti sig ekki reynslu skipverjar að komast á þilfar, en flestir voru fáklæddir því slysið bar svo skjótt að. Tókst skipverjum ekki að ná nema öðrum gúmmíbjörgunarbátinum, en bátarnir voru báðir staðsettir á stýríhúsinu. Aðeins tveir

skipverjar komust í björgunarbátinn. Bakkavík Ár 100 sigldi af tilviljun fram á björgunarbátinn frá Ver stuttu stund eftir slysið. Náði Bakkavíkin mönnum tveimur sem þá þegar voru orðnir þrekaðir af kulda. Bakkavíkin fann einnig lík eins skipverjans á floti innan um barka úr bátinum.

Þeir sem fórust voru; Birgir Bernóðusson 33 ára, Grétar Skaftason 34 ára, Eiríkur Guðnason 22 ára, Reynir Sigurlásson 33 ára. Skipstjóri á Bakkavík var Þórður Markússon og skipstjóri á Ver var Árni Magnússon.”

Ægir 1. 9. 1979.



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



um að fara á net í lok sumars. Ég gleymi því aldrei þegar vinur minn Einar Sigurðsson á Arnari kemur til mín niður á bryggju og segir, „Gunni minn, þú þarft ekki að haf áhyggjur yfir því að fá ekki fisk, það fæst ekki kvikindi í net á þessum árstíma.“

Ég held mig við ákvörðun mína, treysti innsæi mínu og í útdrættinum sem skipstjóri legg ég netin austur við Ingólfshöfða, sem ég þekkti nokkuð vel eftir að hafa verið þar á Ölduljóninu. Það er skemmst frá því að segja að þegar við höfðum dregið netin þrisvar sinnum er ég kominn með 60 tonn af stórþorski í skipið. Það var góð tilfinning að koma til Þorlákshafnar með drekkladinn bátinn og hitta Einar á bryggjunni, hann var alveg undrandi og átti ekki von á slíkum aflabroddum og sagði aðeins, „ja.. hérna þú hittir í ann.“

Ég hafði látið netin liggja úti og eftir næstu tvær lagnir vorum við komnir með 40 tonn af fallegum fiski að landi. Það var því ekki amaleg byrjun á skipstjóraferlinum fyrir 19 ára gamlan peyja að koma með 100 tonnum á land í tveimur fyrstu túrunum. Það var áfram ágætis kropp á okkur á netunum, fiskuðum í og sigldum á Þýskaland síðar um haustið og fengum fín verð.

Það voru breytingar hjá okkur Sæunni á þessum tíma, við vorum komin með barn og ákváðum að flytja aftur heim á Selfoss og kvöddum Eyjarnar sem höfðu gefið okkur svo margt og Sæunn eignast vin fyrir lífstíð sem er skemmtileg saga.

Mín fyrsta vetrarvertíð sem skipstjóri á Arna Magg var að fara í gang, við vorum búnir að fella net og steina niður. Ég var með nokkra óvana peyja um borð, en allir netajaxlarnir voru búnir að ráða sig í bestu plássin en mínir menn voru hungraðir og graðir í alvöru netaver tíð. Ég sá til þess að þeir stóðu pungsveittir í netadrætti og við blóðguðum niður 1000 tonn þessa vertíð.

Við vorum aflahæstir um páska-

ana en ég gerði þau mistök sem ég lærði af að vera ekki að þvælast hér vestur á Banka þar sem allt var fullt af netabátum framan af vertíðinni. Ég átti að halda mig við að vera fyrir austan, sem ég svo gerði.

Fór austur að Horni, suðaustur af Höfðunum strax eftir páska og legg þar tvær trossur, en heyrir þá af mikilli veiði milli hrauna. Ég tek öll netin í bátinn og sigli því vestur og kem á Holtshraunið undir kvöld í svarta myrkri og eljagangi. Þar er þá skógur af baujum frá Eyjabátunum, en ég tók áhættu og legg mínar trossur á milli baujanna. Þetta gerði ég þrátt fyrir að staðsetningabúnaðurinn í brúnni hjá mér væri ekki óskekikull, en eljagangurinn gat þýtt 10 punkta skekkju á C, Loraninn en með lagni hafði ég að troða tossunum okkar niður á milli hjá Eyja bátunum. Við fórum svo inn til Eyja og lágum þar um nóttina.

Rabbi alveg brjálaður

Ég ákvað að leggja snemma í ann næsta morgun til að athuga hvort ég hafi nokkuð lagt mínar trossur yfir netaskóginn frá Eyjum. Það var eins gott að vera búinn að draga ofan af þeim áður en þeir kæmu alveg kolbrjálaðir út í þennan peyja sem væri að troðast yfir þá á þeirra heimamíðum. Ég man svo vel hvað Þórður Rafn Sigurðsson, Rabbi á Dala-Rafni var brjálaður að einhver djöfulsins vitleysingur væri kominn þarna inn á milli með trossurnar sínar og svo fékk helvítið 60 tonn.

Rabba hefur örugglega þótt þetta algjör þjófnaður fyrir framan augun á þessum Eyjakörllum sem þóttust allt eiga. Þetta var auðvitað alveg ævintýrlega skemmtilegt fyrir ungan skipstjóra að standa í svona skemmtilegum veiðiskap þar sem lagni og út-sjónarsemi gat ráðið úrslitum um hvort vel tækist til eða allt færi til andskotans og maður fengi alla skipstjórana í flotanum brjálaða á sig í talstöðinni.



Gunnari líkaði aldrei sérstaklega vel á Kópnum, það var síðasti báturinn sem hann var með á netum.



Páll var glæsilegt skip sem Gunnar átti með Þórði rakara og svo Pétri Björnsyni. Bátinn nefndi hann í höfuðið á afa sínum Páli á Reykjum.

Mér hafði gengið vel á netum og oft var mikið líf og fjör á bleyðunum og tekist á um veiðsvæði og ekki allt fallett sem sagt var í talstöðinni þegar átökin blossuðu upp. Skipstjórar eru kappsamir og láta í sér heyra í talstöðinni, en þegar í land var komið voru allir vinir og litu við um borð hvor hjá öðrum. Eftir þessa vertíð hætti ég netaveiðum eftir afar gott gengi, en nýjar áskoranir framtíðarinnar létu ekki á sér standa.

Fiskurinn flæddi út úr húsunum

Kosturinn við útgerðina á Íslandi var hvað menn voru fljótir að tileinka sér og mæta nýjum áskorunum í rekstrinum. Útgerðin hafði gengið bröslega á köflum og þegar kallað var eftir minni bátum til að sækja á humar var Árni Magnússon seldur og Hraðfrystihúsið keypti Kópinn, 105 tonna bát sem áður hét Heimir.

Mér leið aldrei vel um borð í þeim bát, hann var blautur og í eitt sinn þegar ég var á landleið til Þorlákshafnar fáum við brot á okkur og báturinn leggst á hliðina. Þetta voru erfiðar aðstæður, við vorum í stórhættu og ég varð að keyra bátinn í hringi til að ná honum upp. Það tókst giftusamlega, en þegar ég fór að skoða bátinn kemur í ljós að það eru þrjú tonn af sandpokum uppi á brúnni til að

hægja á honum. Ég henti þessum helvítis sandi öllum í sjóinn og þá snarþreyttust hreyfingarnar í bátinum og hann var mikið meira lifandi. Ég fór eina netaver tíð á Kópnum og hætti þar með netaveiði.

Á þessum tíma er Hraðfrystihúsið búið að kaupa Surtseyrna frá Eyjum og Logi Snædal Jónsson var með bátinn og fiskaði alveg svakalega vel. Sveinn Valgeirsson var líka með bátinn um tíma og var þá komin með nafnið Stokks-ey og ég tók við henni af Svenna og var með hana í fjögur ár. Þetta var alveg svakalegur togbátur og það gekk alltaf vel á þessum bát. Maður fór bara inn á milli togaranna og fiskaði ekkert minna en þeir og við fiskuðum allir rosalega vel á Stokks-ey.

Það er oft verið að tala um meðferð afla á þessum tíma þegar við mokuðum fiski á land áður en kvótakerfið kom til sögunnar.

Meðferð breyttist með kvótanum

Ég man þennan tíma vel og það eru til myndir af því þegar móttakan í Frystihúsi Stokks-eyrar var kjaftfull og fiskurinn rann út á plan fyrir framan húsið þar sem nú er Humarhúsið og var áður móttakan. Þá var traktor hafður í því að moka fiskinum inn í húsið, slík var meðferðin á aflanum og



Gunnar kemur úr kafi.



*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómanna daginn*

MIÐSTÖÐIN

Vinur við sjávarútveginn

Frá árinu 1927 hefur saga Olís verið samofin íslenskum sjávarútvegi og þjónustu við skip og útgerðir. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.

olís

svona var þetta líka í Eyjum þegar mest barst að landi. Í ýsumokinu upp í fjöru var viðkvæmum fiskinum mokað inn í húsið og lítið hugað að gæðum hráefnisins, en með kvótakerfinu gjörbreyttist öll meðferð á afla. Þrátt fyrir það hefur mér alltaf fundist kvótakerfið vitlaust eins og það er uppbyggt, það átti að binda það meira sjávarbyggðum sem áttu að njóta þess að hafa sinn kvóta.

Þegar þarna er komið sögu er ég búinn að vera 11 ár skipstjóri hjá Hraðfrystihúsinu og þá bauð Júlíus Stefánsson mér að taka við Náttfaranum, þetta var hörku bátur en togaði aldrei nógu vel. Sævar Sveins var búinn að vera með bátinn og ég tók við af honum, en Fúsi í Holti var líka með Náttfaranum um tíma.

Útgerð með Þórði rakara

Þórður rakari var fluttur frá Eyjum og bjó á Eyrarbakka og við kaupum Náttfaran saman og áttum jafnan helmingshlut, en á sama tíma var rakarinn með Sævar Sveins í útgerðinni á Særunu.

Ég breytti nafninu á Náttfara og nefndi hann Pál, í höfuðið á afa mínum Páli á Reykjum og ég fékk Helga Ágústsson sem stýrimann með mér í tvö ár. Okkur Helga gekk rosalega vel að vinna saman og við mofiskuðum á þessum tíma. Sigldum með aflann og náðum 11 siglingum á ári, geri aðrir betur að vera á þriggja vikna fresti í Hull og landa fullfermi.

Samstarfið gekk vel hjá okkur Þórði eins og útgerðin, en árið 1991 vill hann selja Bjarna Sighvatssyni sinn hlut og það átti að pína mig til að fara til Eyja og landa aflann hjá Vinnslustöð-

inni. Mér var alveg sama hver ætti bátinn með mér, en ég mundi ekki breyta útgerðarmynstrinu á bátinum, sem hafði gefist vel. Við seldum aflann á markað og fluttum út í gámum, en þessi afstaða mín varð til þess að Bjarni ákvað að hætta við kaupin og endirinn var að Pétur Björnsson kemur inn í útgerðina með 27% hlut og áttum við hann saman til ársins 1996.

Við lendum í ótrúlega miklum kvótakerðingum og umhverfið var allt svo óstöðugt og skrítuð, stjórnvöld og bankar gerðu allt til að fækka útgerðum og kerfið óheppilegt og ósanngjarnt.

Ég sel svo árið 1996 eftir 10-20% kvótakerðingar á ári, árum saman vorum við komnir niður í rúm 400 tonn og þetta var allt einn hrærigrautur. Bankinn setti okkur stólinn fyrir dyrnar þegar reksturinn var kominn niður fyrir núllið og Landsbankinn ákvað að við seldum Vísi í Grindavík bátinn, en samt stóðum við betur en þeir. Þarna voru það bankarnir sem réðu því hverjir áttu að lifa og hverjir að deyja og ömurlegt samkrull hvernig pólitíkin stjórnaði bönkunum í þessum hreinsunum og þeir tóku okkur af lífi.

Ákveðni og þor

Þegar ég lít yfir farinn veg á sjónum er það lán og áráði sem gildir og þannig sigldi ég í gegnum mína sjómennsku af ákveðni og þori sem skilaði góðum afla og tekjum fyrir útgerð og áhöfn. Það fylgdi því mikil vellíðan að koma með drekkhlaðinn bát til hafnar í Þorlákshöfn eftir vel heppnaða veiðiferð, en ég var lánsamur skipstjóri frá fyrstu tíð, fiskaði vel og fór vel með áhöfn, bát og



Gunnar með bikar að lokinni torfæru.

veiðarfæri. Margir af mínum bestu kostum þroskuðust á meðan ég var skipstjóri og bar mikla ábyrgð á mannskap og skipi.

Sú reynsla átti eftir að nýttast mér síðar á lífsleiðinni ekki síst í pólitísku vafstri þar sem ég kikknaði aldrei í hnjónum þegar þurfti að taka erfiðar ákvarðanir. En ákvörðunarfælni er einn verstí löstur í stjórnun fyrirtækja og pólitíkinni á Íslandi í dag.

Þarna stend ég frammi á kletta-brún í lífi mínu og vissi ekki hvað framtíðin bæri í skauti sér. Þá hringir Þórir hjá Loyds á Íslandi og biður mig að vera fulltrúi tryggingafélagsins í Þykkvabæjarfjöru þar sem Víkartindur lá

nýstrandaður. Það varð úr að ég tók að mér að verða allsherjarreddari og vann þar með góðum mönnum við krefjandi aðstæður. Gunnar Häsler var einn af þessum mönnum og John Nobel frá Loyds voru þarna þegar við fluttum skipið, vélar þess og skipshluta úr fjörunni í geymslu á Selfossi, en þaðan var allt draslið, spil og tæki selt nema björgunarbáturinn. Ég fékk Nobel til að samþykkja það að við gæfum Slysavarnarskóla sjómanna í Akraborginni bátinn til æfinga og var það samþykkt. Það er skemmtilegt að við Sæunn tókum þátt í þessi en við á Páli vorum önnur áhöfnin sem fór í skólann á sínum tíma.



Jóhann A. Kristjánsson

© JAK@internet.is

Gunni og Sæunn létu bæði til sín taka í torfærinni.





*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*

**SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM**

MARÁS

FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.



Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegan sjómannadag.

YANMAR

MELCAL

SIMRAD

SAILOR

ICOM



Aðalvélar og hjálparvélar



Skipskranar



Sjálfstýringar



Fjaraskiptatæki

Marás ehf
Miðhrauni 13 - Garðabæ
S: 555 6444
postur@maras.is - www.maras.is

Fríðrik A. Jónsson ehf
Miðhrauni 13 - Garðabæ
S: 552 2111
faj@faj.is - www.faj.is

Sæunn Lúðvíksdóttir, kokkur á sjó í 11 ár

Rústaði torfærubílnum

Við Gunni byrjuðum að búa saman á vistinni við Stýrimanna-skólann í Eyjum, innan um öll þessi testosterabúnt og galsafulla peyja í skipstjórnarnámi. Ruðningsáhrifin frá þeim áttu það til að vera töluverð, stundum barið í borðið og svo tróðu þeir neftóbaki í bílförnum í nefnið á sér. Um vorið fluttum við í blokkaríbúð í Áshamri og ég fór að vinna í Nöf, hjá Óskari Matt og þar eignaðist ég ótrúlega góðan vin í þessum ókunna manni. Honum þótti vænt um þessa ungu konu sem lét fátt stoppa sig og við töluðum mikið saman.

Áhrifavaldurinn Óskar Matt

Óskar kom á hverjum degi og vitjaði barnanna minna, hann vildi vita hvort ég væri ólétt og spurði, „er búið að setja í ofninn?“ og þegar svarið var já sagði hann mér að ég skyldi muna hann. Ég eignaðist stúlku í Eyjum sem skírð var Margrét Ósk, en það var nokkur bið í næsta barn. Við fluttum á Selfoss og ég fór að vinna í Fossnesti og þaðan í sundlauginni. En mig langaði aftur til Eyja og tók eina vertíð hjá Óskari Matt og bjó hjá Bobbu og Gísla Sigmars í kjallaranum á Faxastígnum. Margrét Ósk var send í sveit hjá mömmu sem var vinnukona á bæ í Fljótshlíðinni og var þar yfir vertíðina.

Við Gunnar eignuðumst þrjú börn til viðbótar; Unndísi Ósk, Ægi Óskar og Hafberg Óskar. Börnin okkar fjögur bera öll sjávarnöfn og eru skírð í höfuðið á Óskari Matthíassyni sem vitjaði þeirra og var mér mjög kær einstaklingur. Tíminn í Eyjum var skemmtilegur og tengslin sem við eigum þar eru órjúfanleg og minningarnar geymdar á góðum stað í minningabankanum.

Torfæruævintýrið

Við Gunnar unnum mikið, hann var langdvölmur á sjónum og ég hugsaði um allt eins og sjómannskonur gera. Fór í bankann, sló lán eða samdi um framlengingar á afborgunum, þetta allt venjulega sem ungt fólk þurfti að gera á þessum árum. Svo er útgerðin seld, Gunnar kemur í land og það kemur millibilsástand og þá fer karlinn í torfæruna og það byrjaði ekki vel hjá honum. Torfæruævintýrið hjá Gunna byrjaði með því að hann kemur heim daginn sem við áttum fjögurra ára brúðkaupsafmæli.

Hann var auðvitað búinn að steingleyma hvaða dagur var og sagði mér frá því frekar hróðugur,



Hjónin að veiðum í Alaska.

að hann væri búinn að selja fjölskyldubílinn og kaupa sér torfærubíl. Mér fannst þetta ekki sérstaklega góð tíðindi að verða bíllaus, kona á vinnumarkaði með barn í vagni. Þarna birtist þessi einstaka sjálfselska karlmannna í manninum mínum, enda hét bíllinn „Cool“ og honum veitti nú ekki að því sjálfur að vera smá kúl. Gunni var alinn upp við bílaviðgerðir og stundaði þær með sjómennskunni þegar hann var í landi. Torfæran varð fjölskyldusportið okkar, sumir velja golf, en við völdum torfæruna.

Við vorum með flotta útgerð, rútu sem flutti mannskapinn og bíllinn og við vorum með góða stráka í viðgerðum. Þetta var stemningslið og krakkarnir fylgdu okkur í keppnir og það var mikið fjör, grillað og slegið á léttu strengi. Gunna gekk vel, við vorum með góðan bíl og hann varð frægur torfærubrjálaðingur og hann sagði að þeir sem væru í þessum bransa væru bara eins og nauthjörð, þeir böðluðust áfram.

Vildi líka prófa

Ég vildi líka prófa og uppgötvaði þegar ég settist í fyrsta skipti í búrið og steig á bensínið að það virkilega gerðist eitthvað ógeðslega skemmtilegt. Ég settist því í ökumannssætið á „Cool“ og

tók þátt í nokkrum keppnum, en Gunni tók að sér móðurhlutverkið á meðan. En hann var líka algjör kelling þegar ég var að keppta. Ég hélt að karl greyið myndi skæla í brekkunni yfir oförum mínum þegar eitthvað hjátaði á hjá mér. Nei það varð öðru nær, þegar ég var að lenda í vandræðum, bíllinn í loftkostum og allt að snúast til andskotans brjálaðist Gunni í brekkunni. Strákarnir þurftu að bera hann í burtu, öskrandi af öllum lífs og sálarkröftum þegar ég var að ganga frá bílnum og sjálf nærri dauð í brekkunni, þá gólaði hann.

„Bíllinn minn, óó, bíllinn minn, hvað ertu að gera við bíllinn minn kona?“ Svo grúfði hann andlitið í gaupnum sér brjálaður yfir meðferð minni á bílnum. Gunni segir að ég hafi rústað bílnum þessi tvö sumur sem ég keppti, kannski var hann aðeins saman þjappaður eftir að hafa stungist svo oft á nefið. Í torfærunni sameinuðumst við hjónin um áhugmál sem við og fjölskyldan tók þátt í. Það kom í ljós að langur aðskilnaður sjómannslífsins sameinaði okkur meira en skyldi í sundur. Það er fátt sem við höfum gert saman sem þætti hefðbundið af hjónum, en okkar leið er að lifa lífinu lifandi og alltaf hangi ævintýri á endanum.

Sonurinn byrjaði með mömmu á sjó

Pálmi bróðir Gunna er hjá okkur í kaffi, en hann var á Antares í Eyjum með Grími Jónssyni og þá vantaði kokk. Þá fær Pálmi þá hugmynd að ég fari með þeim á sjó, ég væri svoddan matarkerling. Ég var ekki lengi að jánka þessari hugmynd og sló til á staðnum og þarna hófst 11 ára sjómennska mín á uppsjávarskipum og í afleysingum á togurum í Eyjum. Krakkarnir voru flest hlaupin úr hreiðrinu og aðeins Hafberg Óskar, 12 ára gamall einn heima svo það var ekki málið fyrir Gunna að sjá um hann og heimilið.

Gunni hafði líka stigið inn í mína rútínu og farið í bankann til að semja um lán án þess að tala við mig. Þegar ég mætti til bankastjórans og hann sagði mér að Gunni hafi verið þar deginum áður í sömu erindagjördum var valdsvið okkar farið að skarast. Það var því fint til að halda friðinn að ég fór á sjóinn og síðan hefur Gunni verið kerlingin í hjónabandinu, grátið hjá bankastjóranum og séð um öll okkar mál.

Skata og saltfiskur

Ég þurfti að drífa mig til Eyja og gera allt klárt, skipið var að fara



Parna liggur Lundey í vari og Sæunn kokkur bakaði pönnukökur fyrir skipshöfnina þegar flestir lágu fyrir í brælundni. Mynd Borgar Björgvinsson

á sjó næsta dag. Það blés ekki byrlega, 32 metrar á Stórhöfða og Herjólfur var á nippinu að ná til Eyja í þessari brælu. Þegar ég hitti Grím skipstjóra um borð segir hann mér að það sé algjör regla að hafa skötu, saltfisk eða siginn fisk í hádegi á laugardegi. Það var skítabræla þegar við lögðum að stað frá Eyjum og ég var sjóveik fyrstu nóttina og ekki bætti úr skák að vera með skötu í hádeginu, lyktin af henni væri ekki til að laga ástandið á nýja kokknum. En ég kláraði mig af þessu öllu saman og heit feitin komst líka til skila í borðsalinn án þess að hellast út um allt í veltingnum.

Þegar skipstjórinn steig upp frá matarborðinu þá sagði hann við mig. „Fyrst þú réðir við skötu og hamsa í fyrsta matartíma í þessari brælu, þá ertu komin með fast pláss.“ Sjómennskan fór því vel af stað þrátt fyrir skíta brælu og skötu í útræðinu. Ég hringdi heim eftir nokkra daga og spurði fréttu, hvort það væri ekki nógur matur og góður til að borða. „Mamma þetta er bara eins og í myndinni Bíódagar, það er bara hrossakjöt og saltkjöt í hvert mál,“ sagði Hafberg Óskar gallvaskur.

Í sjávarhásk

Við lentum í ýmsu, einu sinni varð Antares vélarvana fyrir utan Boða, sem er sker í Húnaflóa á mjög straumhöfðu svæði. Það er kolbrjálada veður og engin skip á sjó svo það var eina ráðið að kalla til þyrllu til að bjarga áhöfninni ef skipið ræki upp í Boðann. Ég er með Grím upp í brú og þar sem þetta leit helvíti illa út segir hann við mig. „Af því að þú ert kerling máttu hringja örstutt heim til þín

og láta Gunna vita hvað er að gerast um borð. Þetta mun örugglega koma í kvöldfréttatímanum.“

Ég hringi og næ á Gunna, hann er annars hugar í stuttu símtali og ég segi við hann. „Við erum vélarvana í brjáluðu veðri úti í sjó og það er búið að kalla á þyrlluna, annars er allt í lagi.“ Það heyrir ekki hósta eða stuna frá karlinum í nokkur andartök, en svo segir hann. „Við erum hér feðgarnir akkúrat að horfa á þetta í bíómyndinni, Perfect Storm þar sem allir farast svo ég held að ég sleppi því að tala um þetta við þig.“

Þeir höfðu heyrt í okkur í talstöðinni á Frosta ÍS og sigla til okkar og því lík snilld hefur sjaldan sést til sjós. Þeir hring-sigla okkur í hauga veltingi og bíða lags, þegar þar slær saman að Frosti er að stinga sér niður í öldudal og við á leið upp öldu þá skjóta þeir línu yfir til okkar. Þetta var eina línan sem hitti og þeir drógu sleftóg frá okkur yfir til sín og tóku okkur í tog vestur fyrir land að Snæfellsnesi.

Með soninn á leið í Smuguna

Það vantaði peyja um borð í Antares, Grímur samþykkti að ég tæki Ægi Óskar með mér þó hann væri óvanur og aðeins 16 ára. Við vorum á leiðinni í Smuguna og það var eins gott að sjóa peyjann sem fyrst, því þetta var enginn venjulegur túr á sjó. Ægir verður svakalega sjóveikur og var í klefa með manni sem hafði svo heitt að drengurinn var að drepast. Ég tek hann því í klefann til mín og hann leggst í kojuna mína. Það tók nokkra daga að hrista sjóveikina úr honum á leiðinni í Smuguna.

Svo þegar hann er að ranka við sér og einn úr áhöfninni sér ókunnugan peyja koma út klefa kokksins verður hann meira en undrandi. Hann fer beint í borðsalinn og segir í hálfum hljóðum við strákana. „Hafði þið séð þennan strákskratta sem var að koma um borð og er strax skriðinn upp í kojuna hjá kokknum?“ Þarna fékk Ægir Óskar sína eldskírni á sjó, í Smugunni á síld sem var góður skóli á sjó með mömmu hans.

Í Smugunni voru bátar að skiptast á varahlutum og kostur gekk á milli þegar einhver var orðinn uppiskroppa með mat. Einu sinni á landleið lánaði ég svo mikið af kostinum okkar að ég varð að skammta mat á heimstýminu til Eyja í nokkra daga. Það var svo akkúrat að þegar við lögðumst að bryggju í Eyjum var til hálf smjörstykki og ein paprika.

3000 tímar hjá geðlækni og faldbúningar

Ég var komin á Lundeyna eftir sex ár á Antares og nokkrar afleysingar á Jóni Vídalín. Við lágum í vari undan Öndverðarnesi í alveg kolbrjáluðu veðri og komumst ekki inn til Akranes, þangað sem ferðinni var heitið. Þá hringir til mín kokkurinn á nálægum bát, hann vissi að ég var töluvert að taka myndir úti á sjó og segir mér að hann hafði náð svo góðri brælumynd af okkur.

Hann spyr hvað ég sé að gera þegar ekki nokkur maður hreyfir sig í þessum haugasjó og ég segi honum að ég sé að baka pönnukök, Pönnukökur! Segir hann alveg undrandi, já ég er með þrjár pönnukökupönnur í gangi, en það dugar ekki minna og það er

alltaf ein á lofti og strákarnir um borð hafa étið pönnukökurnar jafn óðum og ég hef ekki undan. Honum fannst þetta nú lyginni líkast í þessu veðri þegar engin gat hreyft sig, hvað þá að nota tímann í pönnukökubakstur, en það er auðvitað bara fyrir konur á sjó.

Sjómennskan á uppsjávarskipi getur tekið á, langir túrar og aðgerðarlitlir dagar sem renna saman í eitt geta reynt á fólk sem þekkir ekki þessar aðstæður og kann ekki að bregðast við. Ég hafði fengið þá hugmynd að sauma „Faldbúning“ um borð í Lundeynni í dauða tímanum. Það er ekkert grín að sauma faldbúning, það er áætlað eitt og hálf mannár eða 1500 klukkustundir að sauma einn slíkan búning. Ég hafði aldrei gert það, en því til viðbótar hannaði ég og teiknaði myndirnar úr íslenskri flóru sem skreyttu búninginn. Ég vissi ekki að ég gæti þetta en hellti mér í verkefnið og þegar upp var staðið hafði ég saumað tvo búninga. Fyrir mig voru þetta 3000 tímar hjá geðlækni á sjó, einbeiting fyrir verkefni sem tekið er frá hjartanu er á við árangursríka heilun. Ég er stolt af þessu verki mínu sem sýnir að áskoranir lífsins eru til þess að sigrast á þeim.

Konur dómharðari

Þegar ég lít til baka eru viðbrögð sveitunga minna á Selfossi kannski það sem er einkennilegast við sjómennsku mína. Karlarnir komu mér á óvart, þeim fannst sjómennskan mín vera eins og hver önnur vinna og voru bara nokkuð montnir að eiga stelpu á Selfossi sem var sjómaður. En

konurnar töluðu um að ég væri að sleppa út af heimilinu, „þú ættir að hætta þessu væna, komdu heim og vertu ekki að skilja karlinn þinn einan eftir með heimili og börn.“ Í þeirra augum var sjómennska mín ekki vinna, heldur leið til að komast úr af heimilinu, sem kom mér á óvart.

En það kom mér á óvart hvernig samfélagið á Selfossi tók mér sem sjómanni. Almennt tóku karlmenn þessu eins og hverji annarri vinnu, en konur sögðu að ég væri að sleppa við heimilisstörfin og uppeldið.

„Ætla þú ekki að hætta þessu væna mín, þú skilur manninn þinn eftir með börnin,“ voru viðbrögðin hjá þeim flestum sem litu á sjómennsku mína sem leið til að komast út af heimilinu. Þetta var aldrei vinna í þeirra augum, það kom mér á óvart.

Ég skyldi sjónarmið og þarfir Gunna betur eftir að hafa verið sjálf á sjó. Þegar hann kom í land eftir langa útiveru naut hann þess að vera heima í hljóðlátu umhverfi, þar sem var ekkert vélahljóð eða blástur í víftum og hann hafði sitt privat. Við skildum hvort annað betur og krakkarnir höfðu líka gott af þessu og þegar uppeldið kemur til tals get ég kennt Gunnari um allt sem krakkarnir afrekuðu á unglingsár-unum því þá var hann kerlingin á heimilinu.

Amundsen snéri sér við í gröfnni

Eitt af því merkilegasta sem við hjónin tókum okkur fyrir hendur var samstarfið um smíði á sex hjóla ofurtrukk sem Gunnar var hönnuður að. Það voru erlendir aðilar sem höfðu komið til Íslands í þeim tilgangi að æfa sig fyrir ferð á Suðurland og kynna ofurjeppum sem þeir höfðu spurnir af. Þeir höfðu hittu marga sem ferðuðust um jökla landsins á ofurjeppum og sáu svo sex hjóla Econoline taka fram úr þeim þar sem allt sat fast á Langjökli. Þegar þeir spurðust fyrir um gerð og getu tækjanna var þeim alltaf bent á Gunnar í Icecool, sem átti þennan sex hjóla trukk. Þeir höfðu samband og úr varð mikið sam-



Eftir langt og strangt ferðalag nær hópurinn á Suðurlandinu.

starf, þrjár ferðir á Suðurlandinu og Gunnar smíðaði tvo bíla fyrir þá, fyrir ferðina sem farin var árið 2005 og annan fyrir ferðina árið 2010. Bíllinn var fulllestaður á ísbreyðunni 12,5 tonn með olíu og mannskap og ferðin kostaði 500 milljónir fyrir 11 manns.

Á pólinn

Ég fór með á Pólinn árið 2011 en þá var allt lagt undir til að setja nýtt hraðamet á Pólinn og koma því í Heimsmetabók Guinness. Það var mikið ferðalag að fara með bíl í Norrænu til Englands, þaðan til Buenos Aires og ekið þaðan 2500 km leið til Punktarens þaðan sem bílnum og okkur var flogið á Pólinn. Gunnar byrjaði á því að fara með olíubirgðir 400 kílómetra inn á Suðurskautslandið en þetta var

langt og strangt ferðalag sem krafðist mikilla olíubirgða. Þessa leið höfðu pólfarar tekið 21 dag til að komast á áfangastað, og þann tíma ætluðum við að bæta. Það tók Gunnar 69,5 klukkustundir, eða tvo og hálfan dag að keyra leiðina og minn maður sat undir stýri í 60 tíma samfelld án þess að leggja sig og þeir héldu að hann væri á lyfjum.

Reyndi á humarskipstjórnann

Þarna var bara gamall humarskipstjóri að taka eitt af löngu togunum, en þeir kölluðu nú ekki allt ömmu sína þegar kom að löngum vökum skipstjórnarnir á humarbátunum. En þessi svakalega vaka og álag kostaði það í marga mánuði eftir þessa ferð náði Gunnar ekki að sofa nema í 1-2 klukkutíma í senn. Karlinn minn hafði gengið

harkalega nærri sér, en það var deginum ljósara að þetta afrek fór í heimsmetabók Guinness. Vanir menn á Pólinum voru sammála um það að allar líkur væru á því að Roald Amundsen sem fyrstur manna kom á Suðurlandinu hefur snúið sér við í gröfnni yfir þessum fréttum.

Hér er stiklað á stóru í gríðarlega áhugaverðri og magnaðri sögu þar sem íslenskt hugvit, þekking og reynsla setur nýtt og áður óþekkt hraðamet á Suðurlandinu akandi á bíl frá Icecool. Það má því segja að karlinum mínum er ekki fisjað saman, hann er sveitapeyi, sjómaður og skipstjóri, vélakarl og torfærugæi, en það var ég sem bjargaði hjónabandinu með því að fara á sjó svo hann fengi að vera skipstjórinn og kerlingin heima.

Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn



Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn



NX

NX 450H+ OVERTRAIL
PLUG-IN HYBRID

LBX

LBX
HYBRID

RX

RX 450H+
PLUG-IN HYBRID



LEXUSSÝNING Í VESTMANNAEYJUM

ÞRÍR GLÆSILEGIR LEXUSBÍLAR TIL AÐ REYNSLUAKA OG UPPLIFA

Starfsmenn Lexus verða á svæðinu í samningaskapi, gefa
góð ráð og upplýsa um allt það nýjasta. Léttar veitingar í boði.

Föstudaginn 30. maí kl. 16–18
Laugardaginn 31. maí kl. 11–15
í og við Akóges-salinn



Ekkert mál að elda í brælu

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Grétar Þór Eypórsson starfar sem kokkur á Sigurði VE 15, en hann hefur unnið til sjós í 23 ár á sumrin, en í 3 ár sem aðalstarf. Grétar segir það besta við starfið sem kokkur sé að sleppa við útiþrífni og að það sé einnig vel launað.

Aðspurður hvort hann eigi skemmtilega sögu eða minningu frá sjónum segir hann að hann eigi mjög mikið af sögum sem hann geti því miður ekki deilt. Hann segir þó fyrsta túrinn sinn standa upp úr þegar hann fór á Heimaey, 15 ára gamall „drullu sjóveikur“ peyi. Þar var hann með mönnum á borð við Stjána, Árna, Sibba Nínon ásamt Sigurjóni sjópabba, sem kenndu honum á lífið að eigin sögn. Þeir kenndu manni að „hætta þessu væli“ og „hætta með aumingjaskap.“ Ég er í dag þakklátur þessum mönnum og þakka á sama tíma fyrir að vera ekki að alast upp í dag, því þá hefði ég fengið að gefast upp.



En hvernig er að elda út á sjó í brælu? „Það er ekkert mál, ég bara passa að hafa alls ekki neitt djúpsteikt. Hef yfirleitt indverskan mat þegar það er bræla.“

Grétar deildi uppskrift af indverskum kjúklingarétt sem er í miklu uppáhaldi hjá honum.

Indverskur Butter Chicken Innihald

- 8 stk. kjúklingabringur
- 500 g grísk jógúrt frá Gott í matinn
- Safi úr hálfri sítrónu
- 6 stk. hvítlauksgeirar
- 2 tsk. tandoori masala krydd
- 2 tsk. cumin
- 2 tsk. sjávarsalt

Sósa

- 2 tsk. ólífuolía
- 160 g smjör
- 2 stk. laukur
- 4 stk. hvítlauksgeirar
- 2 tsk. tandoori masala
- 2 tsk. cumin
- 2 tsk. engifer
- 2 tsk. chilli krydd
- 2 tsk. papríku krydd
- 800 g tómata pastasósa
- 500 ml rjómi frá Gott í matinn
- 2 msk. sykur
- 2 tsk. salt
- Ferskur kóríander

Skref 1

- Byrjið á því að marinera kjúklinginn.
- Skerið kjúklinginn í lita bita, ca. 2 cm á þykkt og setjið í skál ásamt grískri jógúrt, safi úr sítrónu, hvítlauk, tandoori masala, cumin og sjávarsalti og hrærið saman þar til allt hefur blandast vel saman.
- Setjið plast yfir skálina og setjið í kæli í 1 klst.
- Einnig er gott ef kjúklingurinn er í marinerinu, yfir nótt.

Skref 2

- Hitið pönnu og setjið olfu og 40 g af smjöri og bræðið.
- Steikið kjúklinginn á pönnunni þar til hann er alveg að verða tilbúinn, passið að fullelda hann ekki alveg.
- Takið kjúklinginn af pönnunni og setjið til hliðar og undirbúið sósuna.

Skref 3

- Setjið restina af smjörinu á pönnuna ásamt niðurskornum lauk, gott er að skera laukinn smátt.
- Steikið þar til laukurinn hefur náð að brúnast.
- Bætið hvítlauknum saman við ásamt pastasósunni og rjómanum.
- Bætið öllu kryddi saman við og látið suðu koma upp.
- Bætið kjúklingnum út í sósuna og látið hann malla í 10 mínútur og hrærið reglulega í pottinum.

Skref 4

- Berið fram með grjónum, naan-brauði og ferskum kóríander.
- Gott er að hita naan brauðið á pönnu með smjöri og sjávarsalti.

Síldveiðar á Breiða-firði standa upp úr

Jónas Logi Ómarsson starfar sem kokkur á Heimaey. Hann útskrifaðist sem matreiðslumaður árið 1996 og bætti svo við sig meistarakráttina 2008. Jónas hóf störf á sjó árið 2011 og hefur því starfað þar í að verða 14 ár. Aðspurður hvað sé það besta við starfið segir Jónas það vera fjölbreytileikann og það að gera öllum til hæfis.

Jónas segir að besta minning hans frá sjónum séu síldveiðarnar á Breiðafirði. „Það eru bestu minningarnar á sjónum.. góður félagsskapur, oftast í blíðviðri og við fyllum í einu kast“, segir hann.

En hvernig er að elda úti á sjó í brælu? „Það er frekar auðvelt, maður þarf bara að passa að festa alla potta vel á eldavélina svo allt fari ekki til andskotans“, bætir hann við.

Jónas deilir hér einni af sínum uppáhaldsuppskriftum:



Ofnbakaðir þorskhnakkar

- Marinerið þorskhnakka í olfu, hvítlauk og chili í tvo tíma.
- Saltið og piprið,
- Vefjið síðan inn í Parma skinku.
- Saxið sólþurrkaða tómata, olíu, döðlur, rauðlauk og furuhnetur og blandið saman – setjið þá blöndu yfir fiskinn.
- Bakið í ofni við 180°C í um það bil 10–12 mínútur.
- Berið fram með sætkartöflum, fersku salati og vel kæld hvítvíni.

Afar sáttur í vinnunni



Kristleifur Guðmundsson hefur starfað við sjómennsku í 20 ár með hléum. Í dag er hann kokkur á Herjólfu og nýtur þess vel, en Kristleifur byrjaði í afleysingum þar þegar Dalarafn var í slipp á sínum tíma og hefur ekki litið um öxl síðan þá.

„Ég byrjaði sem kokkur á gamla Herjólfu þegar hann kom fyrst og starfaði þar í 9 ár, svo færði ég mig seinna yfir á nýja Herjólf og hef starfað þar síðastliðin 6 ár, eða síðan nýja skipið kom. Hef haft það að leiðarljósi í lífinu að fara um borð fyrstu 9 árin eftir að nýr Herjólfur kemur.“

Aðspurður hver sé helsti munurinn á því að vinna á trolli saman-borið við ferju segir hann muninn

aðallega vera tíminn sem þú færð. „Á ferjunni næ ég að taka þátt í fjölskyldulífi sem öllum finnst eðlilegt, en á trolli var maður í góðu frí yfir jóla og þjóðhátíð og þess háttar en mikið frá heimili svona yfirleitt.“

Kristleifur segist afar sáttur í sinni vinnu og segist algjörlega elska hana. „Ég hef verið svo lánsamur að hafa alltaf verið í skemmtilegu vinnuumhverfi. Ef það er ekki gaman í vinnunni, færðu þér aðra vinnu“, bætir hann við.

Aðspurður hvort hann eigi uppskrift til að deila með lesendum Eyjafréttar segist hann ekki notast við slíkt „Hins vegar er Þröstur Johnsen, vinnufélagi minn duglegur að skrá niður á meðan ég elda og gæti mögulega lumað á einni frá mér.“

Þröstur Johnsen var staddur erlendis og náði ekki að gefa Eyjafréttum uppskrift, en hafði þó þetta að segja um vinnufélaga sinn: „Kristleifur er einstaklega fær í eldhúsinu, það eru ekki margir sem geta eldað af jafnmikilli list og hann. Hann hefur þetta í sér og er afar fær í að „dassa“ og búa til frábæran mat með hæfileikum sínum.“

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra,
bestu kveðjur í tilefni Sjómannadagsins*

RUBIX



Apótekarinn⁺
- lægra verð



HS VEITUR



**SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS**



Umbúðamiðlun ehf.

BORGARPLAST
STOFNAD ÁRÍÐ 1971



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

EYJAFRÉTTIR
- hluti af samfélaginu síðan 1974

FROST



Hafnarfjörður

Hvalur hf.



Simberg

Hótel
Vestmannaeyjar



VERÐANDI
Skipstjóra- og stýrimannafélagið



 **ÍSFELL**

BEWI



Vélsmiðja
Orms & Víglundar

Dagur og Birna Berg valin best

≡ Ásdís Halla og Andri fengu Fréttabikarana

Handboltavertíðin var gerð upp hjá ÍBV í byrjun maí. Þar komu saman leikmenn, þjálfarar, stjórn, starfsmenn og velunnarar ÍBV til að gera upp nýliðinn handbolta-vetur. Veislan hófst á glæsilegum veislumat. Síðan var komið að verðlaunaafhendingu. Þar fengu eftirtaldir leikmenn verðlaun.

Meistaraflokkar

Best: Birna Berg Haraldsdóttir. Fréttabikarinn – efnilegust: Ásdís Halla Hjarðar. Mestu framfarir: Bernódía Sif Sigurðardóttir. ÍBV-arinn: Ásta Björt Júlíusdóttir. Bestur: Dagur Arnarsson. Fréttabikarinn – efnilegastur: Andri Erlingsson. Mestu framfarir: Kristófer Ísak Bárðarson. ÍBV-arinn: Gauti Gunnarsson.

HBH

Bestur: Elís Þór Aðalsteinsson. Mjaldurinn: Helgi Þór Adolfs-son. Mestu framfarir: Jón Ingi Elísson. Efnilegastur Egill Oddgeir Stefánsson.

3. flokkur

Bestur: Jason Stefánsson. Efnilegastur: Haukur Leó Magnússon. Mestu framfarir: Sæþór Ingi Sæmundarson. ÍBV-arinn: Filip Ambroz. Best: Birna María Unnarsdóttir. Efnilegust: Agnes Lilja Styrmis-dóttir. Mestu framfarir: Alexandra Ósk Víktorsdóttir. ÍBV-arinn: Anna Sif Sigurjónsdóttir.



Magnús Stefánsson, þjálfari, Stefán Jónasson sem tók við viðurkenningunni fyrir Dag Arnarsson, Kristófer Ísak Bárðarson, Gauti Gunnarsson, Andri Erlingsson og Roland Eradze, þjálfari.

Andri Erlingsson

Andri fæddur árið 2007 hefur frá því að hann kom til Eyja frá Þýskalandi eftir handbolta með ÍBV og gert það að miklum krafti, en hann leikur yfirleitt í stöðu miðjumanns og er einnig afbragðs góður varnarmaður. Andri lék sinn fyrsta meistaraflokksleik þann 28. september 2023 á móti Gróttu og hefur síðan þá verið mjög mikilvægur leikmaður í liði ÍBV. Í vetur spilaði Andri 26 leiki og skoraði 87 mörk í deild, bikar og úrslitakeppni. Andri er mjög góður leikstjórnandi og talar tölfraðin sínu máli en í vetur gaf hann 73 stoðsendingar og var hann 10. sæti yfir flestar stoðsendingar í deildinni í vetur. Þar að auki er hann með 23 vítasendingar og er þar í 2. sæti af öllum leikmönnum

deildarinnar. Þá er hann einnig í 3. sæti yfir þá leikmenn sem fiskar flest víti í deildinni.

Andri hefur tekið stórt skref í handboltanum í vetur en núna um jólin var hann valinn í U-19 ára landsliðið sem tók þátt á Sparkassen mótinu í Þýskalandi milli jóla og nýárs. Undir lok síðasta mánaðar var hann svo einnig valinn til þess að taka þátt með 19 ára landsliðinu á HM í Egyptalandi. Frammistaða Andra hefur verið eftirtektarverð út fyrir landsteinana en hann og Elís Þór Aðalsteinsson fóru saman til Þýskalands á æfingar hjá þýska liðinu Nordhorn og æfðu þar í viku og stóðu sig vel.

Andri er mjög efnilegur leikmaður sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.



Ásdís Halla Hjarðar, Birna Berg Haraldsdóttir, Ásta Björt Júlíusdóttir og Bernódía Sif Sigurðardóttir.

Ásdís Halla Hjarðar

Ásdís Halla Hjarðar er ungur og efnilegur línumaður úr sterkum 2007 árgangi. Ásdís Halla spilaði 22 leiki á tímabilinu í öllum keppnum í meistaraflokki. Ásdís vann sig inn í byrjunarliðið eftir því sem leið á leiktíðina og var orðinn lykilleikmaður í vörn og sókn eftir því sem leið á tímabilið. Ásdís er lykilmáður í sterku 3. flokks liði sem endaði í 2. sæti í deildinni og er að fara í 8-liða

úrslit. Þá hefur hún verið í æfingahóp U-19 ára landsliðsins og er fyrsti varamaður í nýjum landsliðshópi U-19 ára liðsins. Ásdís Halla er fyrirmynd fyrir yngri leikmenn bæði innan og utan vallar. Hún er leikmaður sem gefur alltaf 100% í allt, fórnar sér fyrir liðið og á sama tíma geislar af henni sem smitar af sér bæði upp í stúku sem og til liðsfélaga.



Andri Erlingsson og Ásdís Halla Hjarðar fengu Fréttabikarana.

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra,
bestu kveðjur í tilefni Sjómannadagsins*



GEISLI

GA
SMÍÐAJÁRN

RMI
OFNASMÍÐJAN



VÍSIR



póley



hafsýn



NAUTIC

EYJASÝN

Sjómennt
www.sjomennt.is



ÓSKA EFTIR MUNUM FRÁ FLUGFÉLÖGUM

Óska eftir að kaupa gömul hlutabréf frá Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og öðrum flugfélögum. Einnig er ég að leita eftir munum frá flugfélögum og þyrufyrirtækjum, svo sem: einkennismerkjum (málm eða taumerkjum), nálmörkjum, nafnanælum, húfum, kasketum, umboðsskiltum, flugáætlunum og prentuðu efni merkt Íslenskum flugfélögum eða flugrekendum. Eiríkur L, sendið póst á netfangið: andromeda@simnet.is.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum bestu kveðjur
á sjómannadaginn*



Nýr og alrafmagnaður Kia EV6

Forsala er hafin



Movement that inspires

Velkomin í heim þar sem allt er í fullkomnu flæði.

Nýr Kia EV6.
Fjór hjóladrífinn með allt að 522 km drægni.
Allt að 100 km hleðsla á 5 mínútum.



Braginn · Flötum 20, 900 Vestmannaeyjum · 481 1535
Söluaðili Kia á Íslandi.

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd